moti honom þa scal hann fara af götoni sva at þeir um take eigi spióta oddom til hans. O heilagr verðr fiorbavgs maðr ef eigi er sagt til heimila hans at ferans domi. þar scal nefna vatta at fiorbavgr galldz eða anat þat fe er hann yrði secr scogar maðr ef eigi quæmi fram. Ef ferans domr er áttr at þan man er secr er ordin scogar maðr feriande þa scal nefna vatta þar at allri sech þeirre er gögn baro at honom væri mælt. oc a sv öll at halda. En ef hann er iafn vandhæfr oc fiorbavgs maðr. þa a þar at ferans domi at kiosa honom heimile iii. iafnt sem fiorbavgs manne. Ef fiorbavgs maðr gérir fiorbavgs soc oc varðar honom scog gang. En engi maðr scal bana for fiorbavgs manne eða scogar manne ferianda þótt sé eigi at þeim.

### 53. Beida fars fiorbavgs manni.<sup>1)</sup>

<sup>a)</sup> Sa maðr er fiorbavgs manne fylgir til scips scal beida fars með vatta at þeir tace við honom oc lata bera vættis vætte þav er nefnd voro at ferans domi. hve fyrir sect hans var mælt. oc sva þav er fiorbavgr galldz ef hann var fiorbavgs maðr eða þav fe onor er haun yrði scogar maðr ef eigi gyldiz. Ef vættis vætte þav comi fram þa varðar þeim utlegð iii. marca bæðe styre manne oc hásetom ef þeir toco eigi við honom. Ella er viti lavst þeim. Hann er iafn heilagr a goto er hann fer til scips sem hann<sup>2)</sup> fare a millom heimila. Honom scal beida fars at scipi öðro oc láta bera vætte þat er hinug

<sup>a)</sup>) = Á. M., c. 34.

<sup>1)</sup>) i handritinu Beid fars f.

<sup>2)</sup>) Ordin sem hann eru ritud tvisv r.

**v**ar nefnt. **E**f honom er syniat þar þa scal beiða at enom sama hætti a et .iii.<sup>a</sup> scip. enda er eigi scyllt þá at beiða a fleire scip. a því sumri. þot þeir syni. en þeim varðar iafnt öllum synionen. þa ero þeir oc eigi utlagir ef þeir hafa tekit við iii. fiorbavgs monnom eða scogar monnom aþr þeir hafa beiddir verit. þoat þeir syni þessom. Hann scal þa sara til vista sina ena somo.<sup>1</sup> hann er oc iafn heilagr i þeirre for til þess er hann kömr aptr til heimila (Bls. 40, a.) SINA. oc sva agistingem ef hann fer fullom dag leidom. EN anat sumar scal hann oc sva et sama við för leíta. oc sva verða þeir en utlagir er þa synia. EN et iii. summarit varðar fiorbavgs garð öllum þeim er þa synia. enda helpr honom þat ecki at vetri ef hann er her staddir. Ef þeir taca við honom oc er hann at scipi meðan þeir hafa býþir alandé þa er hann heilagr í örscotz hældi a alla vega a land við búðena. EN þo at scip ligi fir búð en sva. oc er hann þo heilagr þar amilli. EN alengr er þeir hafa buðir a scipi þa er hann heilagr í örscotz hældi á land upp a<sup>2</sup> alla vega þaðan fra fióro er seemst er. til landz fra scipi. enda skal sva hvargi er þeir licia við island a því sumre. eða við þær eyiar er bygðar ero. en avallt er þeir licia ibrygio lægi. við island þa er hann heilagr í örscotz hældi fra brygio sporðe a alla vega. Ef þeir verða aptr reka eða hallda þeim vedr i enne savmo höfn. oc comaz þeir eigi abrott. oc scal hann eigi ganga fyr af scipino en scip er brotit sva at eigi er i for buanda á því sumre eða eýtt sva ella at þeir hafa eigi lið til bröt at hallda. Ef þeir verða aptr reka oc comaz þeir til þeirrar hafnar er þeir vília scipi til hlunz rada. þa er slic helgi hans mælt þar at

<sup>1)</sup> Deplinum er við bætt.

<sup>2)</sup> Við bætt; orðin land upp eru skrifð fyrir ofan línuma.

scipi sem þa er *hann* com til scips medan budir halldaz at scipi. oc stýri menn ero þar enda er *hann* avalt iafn heilagr at scipi. enda scal *hann* iafnt leita við brott forna þeirra þrigia. enda er huert sumar fra þóðro slíc hælgi hans mælt. En þegar er *hann* leitar nöckort sumar eigi sva við brott forna sem mælt er. þa er *hann* havst þat secr<sup>1</sup> maðr at vetri dræpr oc o öll. Ef *hann* verðr apr reka þa scal *hann* til vista sina fara ena savmo ef *hann* kœmr samsfjordvngs við þær. Nu kœmr *hann* eigi í þan fjordung þa scal *hann*<sup>2</sup> taca ser vist þar er *hann* vill. aþeim hálfum manade er þeir verða land fastir. enda er *hann* iafn heilagr aþeirre göto oc a gistingom sem þa er *hann* for til scips. Cost a *hann* at fara til ena sömo, vista sina ef *hann* vill þat. enda er iöfn hælgi hans meðan *hann* ferr sva með ser sem mælt er. hvárt er *hann* ferr fullom dagleidom þa er slíc hælgi hans. (Bls. 40, b.) <sup>1</sup>EN et iii.<sup>a</sup> sumar verðr *hann* scogar<sup>3</sup> maðr at vetri ef han kœmz eigi abrott þa. Ef *hann* komr fyr ut hingat <sup>1</sup>EN *hann* hafi .iii. vetr abrott verit oc verðr *hann* scogar maðr. Nv fær *hann* xii. quid þan at *hann* varð sæ havi ut hingat oc *hann* villdi til anars landz farit hafa. þa scal *hann* sva við brott for leita sem þat sumar yrði *hann* fiorbavgs maðr. Ef *hann* cœmr út hingat þa er *hann* hefir iii.<sup>a</sup> vetr abrott verit. þa er *hann* sva syen sem aldrigi quæmi su seðþ ahendr honom. *Hann* scal þa taca erfþir allar slícar sem þa ber til handa honom. oc sva scal *hann* taca við omogom þeim er at ferans domi voro fyrir hans sacir aför dœmþir. oc sva við þeim er þa berr til handa honom. oc sva giallda sculldir sínar

<sup>1)</sup> Ef til vill misritað fyrir scogar.

<sup>2)</sup> Við bælt.

<sup>3)</sup> Í fyrstu ritad secr, en síðan leidrætt þannig.

ef vanloenar *voro* er *hann* for *heþan* ef *hann* hefir fe til. Rofnar sect *fiorbavgs manz* ef *eigi verþr*<sup>1</sup> at lögom átr eptir *hann ferans domr.* *oc scal* sækia þa um *oc gera* þa sana at því er<sup>2</sup> *ferans dom* seyldo. *eiga* *oc* a huerr at sækia þa söc er vill. enda rofnar sect *fiorbavgs manz* hvergi er þa sækir.

#### 54. ef *eigi* er átr *ferans domr.*

"Ef menn eigo *eigi ferans dom* eptir þa menn er þeir hafa secta eða eigo þeir *eigi* at logom þa *varðar fiorbavgs garð* hratci er þess þrýtr at því er *eigi verðr* at lögom *ferans domr* átr er honom licr ahendi. En þeir menn eigo söc þa er til omagana standa þeirra er för atte at döma at *ferans domi* ef átr væri. Nv vilia þeir *eigi* þa eigo þeir er fe átto at honom þa er *hann varð* seer. En ef þeir vilia *eigi* þa a huerr er vill. Ef godin ger *eigi* nefna *ferans domi*. enda se *hann* at lögom beiddr eða hverigar vanlyçþir er þær coma af<sup>3</sup> *godans hendi*. at *eigi* sé átr *ferans domr* at logom. þa *varðar godanom fiorbavgs garð* oc a sa söc er *ferans doms* beiddi. *Goða* er rett at selia öðrom manne ihönd at nefna *ferans domi*. ef fleiri memi hafa beiddan *hann* en ein. oc sinom þriðivngs<sup>4</sup> manne. enda *varðar þeim* *oc fiorbavgs garð* er *godinn* seldi at nefna *ferans domi*. ef af *hans* völdom verðr *eigi* átr at lögom *ferans domrinn*. Goðin secz ef *hann* getr engi til at nefna *ferans dom*

a) = Á. M., c. 35.

<sup>1)</sup> Ritað fyrir ofan linuna.

<sup>2)</sup> Leiðréttung fyrir e.f.

<sup>3)</sup> Leiðréttung fyrir a.

<sup>4)</sup> Leiðréttung fyrir þriðivngs; ritarion virðist í fyrstu hafa skrifad fiorðivngs.

(Bls. 41, a.) oc abyrgiz *hann* þott fleire *menn* hafe quaddan *hann* en i. Ef sa *maðr* verðr sóttr er hin hafðe sectan *vm þat* at *eigi* hafe verit *ferans domr* átr at lögum at þan man er *hann* seðpi. þa scal *hann* þat hafa til varnar fyrir sic at *sæcia godann* *vm oc gera* *hann* sanan at völdonom þess er *ferans domr* *vard* *eigi* attr at lögum. Ef *godinn* er *vm* sóttr enda hafe han öðrom manne i hönd sellt at lögum at nefna *ferans domin*. þa scal *hann* *oc sekia* þan *vm* *oc veria* sva fyrir sic. Sa þeirra secz *vm* er volldin beraz ahendr. *Þat* ero stefno sacir *oc scal quedja ix. heimilis bva* a þingi þess er sottr er. Of þa *menn* er fe *þat* hafa at *vardveita* er sa *maðr* hafðe átt er secr er orðin. Nv ef þeir fregna hvar hin hafðe beiðt *ferans doms*. þa ero þeir scylldir at coma þangat *oc segia* þar til fiar þess hvarz þar tecz *ferans domr* efa *eigi*. Nv verþr þar engi manna fundr eða fregn *hann* *eigi* hvar *ferans domr* scal vera eða mátti *hann* *eigi* til comaz fyrir navðsyniom. þa scal *hann* segia til aleið þeirri er *hann* heyr. hvat *hann* hefir þess fiár at *vardveita* *oc sva* a vár þingi. *oc sva* a alþingi eptir *vm svmarit*. enda er rétt at *hann* segi til a alþingi *þat* sumar er *hann* veít. at hin *vard* secr sva at *þat* heyri meire luti manna *oc þing* heyianda. *Þat* er mælt *vm* þa *menn* er þeir átto fe at þeim er secr er orðin *scogar* *maðr*. enda se *eigi* átr *ferans domr* at þa scolo þeir stefna þeim monnom er þeir vito at féen hafa þav er sa átte in seki til alþingis *oc til* þess fiorðungs doms þeim öllum er hin *vard* secr í. enda er rétt at lýsa at logbergi *oc sekia* et sama sumar vtan fiorðungs monnom eða þeim er sva síð fregna at *eigi* *vm* stefnir.<sup>1</sup> scolo þeir *menn* allir föra þangat gögn sín er fe hofðo átt at honom iafnt sem til

<sup>1)</sup> Deplinum er við bætt.

*ferans domsens, enda scal sva döma fiorðungs domr þeim öllum sina ávra sem ferans domr ætte at döma ef átr væri at lögom.* Ef sa maðr leypz abrott af lande er secr er ordin með fe þat er hann átte eða er hann avstr þa er secð kómur ahendr honom með þat fe er hann á oc sect ætti at verða her at ferans domi. Nv cemr hann vt með fe þat eða þat er hann hefir af því øxt enda verði (Bls. 41, b.) þat tekit af honom her hvarz hann verðr dreppin eða eigi. oc a sá heimting til þess far er hann hefir sectan. Þeir menn er sva verða sekir görvir at eigi er sect seit þeirra. þa eigo erfingiar at taca arfin ef þeir andaz meðan þeir hafa eigi farit syno sinni. þeirri er<sup>1</sup> þeim var mælt. En hin a heimting fiarens allz er hin secti þegars hann hefir synoni þeirri sinni farit er honom var mælt aðr hann yrði secr scogar maðr o öll oc o feriande oc scal þat þa fara sem sectar fe anat.

55.<sup>2</sup>

*"Pat er mælt um þa menn er secir verða scogar menn at eigi komr or alþingis domi sect þeirra vpp full. þa scal stefna um biorg þeirra oc lata varða fiorðavgs garð oc stefna til fiorðungs doms oc quedia til .xii. quiðar goda þan er sa er iþingi með er sottr er. Enda scal þar lata bera idom vættis vætte. þav er nefnd voro at ferans domi. hue fyrir sect hans var mælt. Nv hefir*

a) = Á. M., c. 36.

1) Eptir þetta orð hefir ritarion i fyrstu skrifad þeir hafa, en strykad það síðan út aptur.

2) I fyrstu línu kapítulans er autt rúm handa fyrirsógninni, en ritaranum hefir síðan gleymzt að hæta henni við og eins upphafsstaf kapítulans.

eigi átr verit ferans domr þa scal lata bera vætte þav ifiordungs domi sem i ferans domi scyllde ef attr væri. Nu alengr er nockor madr er sóttr um biorgina þess scogar manz aþessa lund sem nu er talit *oc* vætte þav hafa fram farit iferans<sup>1</sup> domin. þa varðar þeim monnum öllum scog gang er þa biarga þeim scogar manne síðan. *oc* scal þa menn secia i v.<sup>ar</sup> dom. en in sama sócn er<sup>2</sup> við þa er fyr hafa borgit honom. sem aðr var tínt. Peir scogar menn er farning er mælt enda verðr eigi átr ferans domr eptir þa scal kiósa þeim heimile eitt oc segia hvvm .v. þeim er næstir hýa heimilino. enda verðr hann þar heilagr alengr at því heimile sem þa at kerit væri. at ferans domi. *oc* sva scal a goto til scips þadan fra því heimili. enda scal hann lata bera þav vætte fram er honom er fars beiðt sem i ferans domin scyldi ef átr væri nema honom væri hælgi meire mælt en fiorbavgs manne. *oc* þarf eigi þa at kiósa honom heimilit. Peir menn er syyna er<sup>3</sup> lofuð at logréttó *oc* upp sögð síðan sva at lögbergi at þeir scyli vera feriandi. þa scal þeim sva beiða fars sem fiorbavgs manne eða þeim scogar manne er at satt verþa secir *oc* lata bera þav vætte til er nefnd voro at up sögvni hver syyna honom var lofuð. Ef þeir menn fara syeno sinni þeirre er þeim var lofvð. þa scal sva sekia um biorg þeirra *oc* láta slíct varða biorg (Bls. 42, a.) þeirra<sup>4</sup> sem scogar manna er at sátt verða secir. Ef monnum er syeno lofs beðit at logréttó scogar monnum eða fiorbavgs

<sup>1)</sup> Ritað if.; úr því er með seinni hönd gjört: ifiordungs, sem varla mun vera rétt.

<sup>2)</sup> Við bætt.

<sup>3)</sup> Hereptir er í fyrstu ritað talit, en strykad síðan út aptur.

<sup>4)</sup> Orðunum *oc* lata — þeirra er sleppt úr í úte. Árna-Magnuss. nefnd.

*monnom oc a þat þviat eins standaz ef allir lögretto menn leyfa enda veri engi maðr lyriti fyrir utan lögretto sva at þeir menn heyre er ilögretto sitia. en ecki eigo anara manna orð at standaz þott i gegn mæli en lögretto manna ef eigi veria lyriti. Þeir menn er secir fara utan heðan feriande menn þa ero þeir hælgir erlendis sem engi sect se ahende þeim her fyrir þeim söcom. Ef þeir menn er her ero görvir scogar menn o əlir oc oferiande. þa ero þeir iafnt dræpir oc o hælgir erlendis sem her fyrir orvm löndom.*

56.<sup>1</sup>

*a) Ver scolom eiga varding alandi voro. scolo godar iii. eiga þing saman. þeir scolo eigi eiga þing lengra en viko þing. oc eigi scemra en iiiii. natta þing nema lofs se at beðit ilögretto. Várþing scolo þeir eigi eiga síðar en vi. vicor se af sumri er lokit er sócnar þingi. Varþing scal eigi fyr vera en iiiii. se af sumri er þeir coma til. Eigi scal nær stefna várþingi en ii. vicor se til þes varðings er sekine er til stefnt en gagna scal til quatt vera vico fyrir þing eda meira mele. nema síþar comi upp söken þa scal stefna sva nær varþingi sem vill. nema heiman quoð se til. þa scal stefnt et síðarsta viko fyrir þing oc quatt gagnana. þeim socom scal stefna til várþings er menn ero samþinga. Mane er rétt at stefna i þat þing er hann er sialfr í. Enda er rett at stefna til þess þings er sa er i er hann hefir sacir ahende. Godar þeir*

a) = Á. M., c. 37.

1) Ritaranum hefur gleymzt að bæta við fyrirsögninni og upphafstaf kapítulans.

allir<sup>1</sup> er i því þingi ero. scolo coma til þings ondverðz. Godi sa er þing hælgi a þar hann scal þar þing hælga enn fyrsta aptan er þeir coma til þings. scal rétr manz hálso avkaz meðan a því þingi er i orðom oc i öllum a unom verkom. EN godi scal queða aþingmorc hver ero. oc scal hann sva þing hælga sem alþingi oc scal hann queþa a hue þing heitir. Ef goðar coma eigi til þings ondverðz þa varðar þeim þat vtlegð oc or godorde sino. nema (Bls. 42, b) sacar se til þings. þa varðar fiorbavgs gard. Ef sacir ero til þingsens oc sva þott þar geriz. oc eigo þeir menn sacir þar at sækia er sacir hafa búnar til þings þess. Nv vilia þeir eigi. þa eigo samþingis goðar hans. sa þeirra er helldr vill sótt hafa oc aþingi er ef eigi ero báþir. Nv vilia þeir eigi þa eigo inan þings menn fyrst. en þa hverr er vill. Várþingom öllum scal nafn gefa. enn þingheyindr scolo eigi síðar<sup>2</sup> coma til varþings en nótt se af þingi. oc sva þeir menn er með sacir fara. oc sva<sup>3</sup> scolo þeir menn eigi síðar coma til þings er gagna ero heiman quaddir. enn nv hefi ec talit. EN ef þeir menn coma síðar er sacir hafa til þings eða sacir vilia veria. oc verða onytar sacir þeirra oc sva varnir ef þeir coma síðar til varþings en nott se af. Rétt er at várþing se scemra EN iii.<sup>a</sup> nátta þing ef þingonaðtar ero allir asáttir. oc se lokit söcom öllum þeim er býnar voro til þings þess. Enscis eigo vattar at quedia igeðn til várþings. Nefna scal þa menn alla idom er fyr coma til þings en dom scal nefna. Ef söc kömr upp síðar en ii. vicor ero til várþings. enda se heiman quatt

<sup>1)</sup> Ritað allir þeir, en síðan er röðin a þessum orðum leiðrött með tilvisunarmerkjum.

<sup>2)</sup> Ritað tvívar.

<sup>3)</sup> Skrifð fyrir ofan línuma.

til. þa scal stefnt vico *fyrir þing* oc sva quatt gagna til. Nu cömr síðar vp socin en vica se til þings. þa scal queðia bva til a þingi. Rétt er bonda at senda man til þings at heyia þing *fyrir* sec. þan man er sampangi er við hann. Enda ef sacir ero býnar til varþings. þa varðar goda fiorbavgs gard ef hann kør eigi til ondverz þings. oc sva þoat þar geriz. Stefna scal vm eindagat fe vm ena hælgo vico ef hon er vm þing til alþingis ef maðr vill. Ef þeir menn coma síðar til þings en nótt se af þingino er logscila ero heiman quaddir. oc verða onýt lögscil þeirra manna ef þeir vilia fram föra. Ef þingheyiendr coma síðar til varþings en nott sé af þingino eða coma eigi til varþings oc verða þeir vilagir vm þat við godann. Rett er at böndi fáe grid man sin *fyrir* sec. oc verðr sa iafn réttr þingheyiande sem böndin. Hann scal segia goda at hann mvn þing heyia *fyrir* þriðiungs man hans oc nefna þan anan.

## 57.

(Bls. 43, a.)<sup>a)</sup> Godar scolo þar dom nefna. oc scal hvern þeirra .xii. menn nefna idom at döma vm sacir þær allar er þar coma í dom þan er þa scyllda lög til. Hann scal bioða til sacar sekianda oc sacar verianda at rengia þa menn or domi. oc emc buin anan í at nefna ef þesir verða or rengðir at logom. Pat er oc rétt at þeir hafi þing scavp þáv er þingheyiendr verða asáttir hervetna þess er þeir taca eigi af alþingis male. en þeir eigo cost at

a) = Á. M., c. 37, S. 1035. Óss hefir þótt rétt at býrja hér nýjan kapitula. þareð línan næst á undan er ekki skrifud út, og þareð upphafsstafinn G vantar, einsog oft er um upphafstafi a kapitulum í skinnabókinni.

avca er þeir vilia. Meire lutr *goða scal* ráða hve nær domr *scal* ut *fara*. Of *sacir* þær allar er samþingis menn eigo saman þa eigo þeir cost at *vina* hvarz sem þeir vilia at hafa *sacir* til alþingis *eða* til varþings nema þar er utlegðir *fara* einar saman. En þær *scolo* *fara* til varþings. en utlegðar *sacir* *scolo* *eigi* standa *vm* varþing þar er þær *fara* einar saman. ef þær *coma* vp *fyrir* stefno daga. Pat er mælt *vm* omaga *sacir* at þær *scal* *vina* hvarz er vill at lysa til framförslo omaganom a varþingi *eða* stefna heiman ella. Þviat eins er rétt at lysa omaga a hond manne á varþingi ef sa er siálfur a þingi er áhond er lyst. *oc scal* segia honom siálfom með vatta. ef *hann* heyrir *eigi* alysing. En ef menn vilia bva vigsacir *eða* legorðz *sacir* til varþings. þa er rétt hvarz sem vill at stefna heiman *eða* lysa iþingbrecco. Ef lysa *scal* *sacir*. þa *scal* queðia bva hálfom manaðe *fyrir* þing *eða* meira meli. Pat er *oc* mælt at quatt *scal* quiða allra *oc* frumgagna aðr domr fari ut sem á alþingi.

### 58. *vm doma* utförslor

"Domar *scolo* *fara* út *sva* at *sacir* *comi* í allar fyr en sol se vndir. En menn *scolo* *sva* *sacir* luta iafnt sem a alþingi.<sup>1</sup> *oc* *sva* eiða *vina* *oc* *fara* at söcom öllom *oc* *sva* at vörnom sem a alþingi. Ef menn halda gögnom þa varðar þeim slicht sem a alþingi halde þeir. En þeim<sup>2</sup> a þar at stefna *vm* iþingbrecco til doms. Ef

a) = Á. M., c. 38.

<sup>1)</sup> Héreptir hefur ritarinn í fyrstu skrifad: Ef menn halda gognom, en strykad síðan orð þessi út aptur.

<sup>2)</sup> Í fyrstu ritad þeir, en síðan lagfært þannig.

menn<sup>1</sup> ero bva quiðar quaddir þar er xii. quiðr átte til at coma. þa eigo þeir þat<sup>2</sup> at lata standa fyrir quiþbvrð sinom at þeir (Bls. 43. b.) ero þess quiðar quaddir er þeir ero eigi réttir vm at scilia. Ef godi er quaddr .xii. quiðar þar er bva quiðr a vm at scilia oc scal hann lata standa fyrir quiðbvrð sinom ef hann er eigi rettr vm at scilia. Ef maðr helldr gögnom sa er utan þings maðr er. oc ahin cost hvarz haun vill stefna honom þar idom eða til alþingis. Ef þing heyandi fer þaðan abrott or þingmarke. oc er abrott vm nött eða lengr. oc varðar þat fiorbavgs gard oc er rett at stefna þeirri söc iþingbrecco. oc þar til doms.<sup>3</sup> scal queðia til heimilis bva ix. aþingi þess er sottr er. Öll þings afglopon sv er menn gera þar. oc varðar slict þar sem menn göre á alþingi. oc sva scal sekja at öllu vm varþings afglopon sem á alþingi væri gert. Ef varþing verðr sva af glapat at eigi mego mál lúkaz þar fyrir þeim söcom. þa scal sa er þær sacir átte at sekja stefna þeim er vallda vm þings afgloponina oc lata varða fiorbavgs gard. Nv ef quiðr berr a þá. þa má hann sekja þær sacir á alþingi. oc iþan fiorðungs dom sem þing var í. oc eigo þær sva þar at metaz sem þær voro til býnar. enda ero gogn þav öll siálfquodd til alþingis er þar verða eigi af hendi leyst. oc aðr var til quatt oc sva gagna gögn. Ef þing ber a ena hælgo vico. at þat a eigi fyrir þeim málom at standa er þar þarf at hafa a þingi. hvarki fyrir eidom ne fyrir stefnom. en eigi scal þa stefna til alþingis nema vm eindagat fe. Ef inan þings menn bera anattvegia líng quiðo

1) Við bætt.

2) Ritarinn virðist í fyrstu hafa ritad þar, en gjört síðan úr því.

3) Deplinum er við bætt.

edā livg vætti. oc scal þeim stefna þar i dom oc lata þeim varða þat fiorbaug's gard oc queðin til xii.<sup>ar</sup> quidær goda þan er sa er i þingi med er sottr er. Ef sa maðr ber livg quido edā liug vætte er utan þings maðr er. oc er rétt hvárt sem hann vill at stefna honom þar idom edā til alþingis ella oc scal queðia goda þan er sa er i þingi med er sekir a varþingi. Hvervetna þess er agogn er queðit oc er stefnt til alþingis. oc a sva domr at döma sem rétt borin se gögnen. Ef agogn er queðit a varþingi þav gogn er male þiccir scipta med monnum þa scal domr döma sva sem gögn se rétt borin. Pa scal dome stefna til rofs (Bls. 44, a.) sa er agognin queðr oc adomr at rofna. ef at livgvitni verðr ef domrin rofnar. Pa scal sva fara at reisningom oc at öllu sem at alþingis domi. En þeir scolo döma um sacir manna oc er þa væl ef þeir verða sam doma. En ef þeir verða eigi samdoma. þa scolo þeir vefengia. oc ganga til vefangs eigi færi en .vi. oc fara sva at vefangi sem i alþingis domi. Par scal stefna monnum a þingi eptir doma um vefong oc lata þeim varða utleyð. oc stefna til þess fiordungs doms er þingit er i fiordungi oc stefna<sup>1</sup> til rofs domi þeirra. enda er rett at stefna þeim um vefavng heima i herade at heimile hvers þeirra. Pav mál er menn hafa vefengd a varþingi þa scolo þav lúcaz ifiordungs domi. þeim sem þingit er ifiordungi ef þar mego lucaz. En ef þar verðr enn vefengt<sup>2</sup>. þa scal lukaz isimtar domi. Vætte þav scal lata bera öll ifiordungs dom er þeir nefndo at hue þeir fóro at vefangi hvarir tvegio. Eigi scal stefna inan þings monnum þeim stefnom er eigi scal sekia þar a

<sup>1)</sup> Ritað stefna.

<sup>2)</sup> Leidréttung fyrir eigi vefengt.

þingi meðan sócnar þing er fast<sup>1</sup>. enda er rétt at stefna iinan þings monnom til alþingis lengr er sócnar þing er lávst. þoat scullda þing se fast. honom scal sva stefna at hann heyri a siálf. enda er rétt at stefna honom at búd ef þeir fina hann þar at máli. enda er rétt at stefna<sup>2</sup> ef hann heyrir uphaf er vattar ero nefndir. þo at hann rene vndan. enda er rétt at stefna utan þings monnom a varþingi þo at sócnar þing se fast. oc sva utan þings monnom<sup>3</sup> er rétt at stefna iinan þings monnom þoat sócnar þing se fast. Ef vtan þings manne er stefnt til varþings oc eigo domendr at döma um þá söc ef eigi kómr lyrit fyrir þa söc. En honom er þat rétt hvart sem hann vill at lata lyrit<sup>4</sup> coma fyrir söc þá er honom er a hendi eða stefna domi til rofs. þat er honom rétt hvart sem hann vill at stefna einom eða fleirom. oc stefna um þat at þeir hafe dömt um utan þings man oc scal stefna til rofs dominom. þa scal hann queðia ser biarg quíðar heimilis bva sina v. (Bls. 44, b.) at bera um þat hvart hann var þa þar iþingi eða eigi með goða þeim er hann queðr a. þa er honom var stefnt. En ef hann fær þan quíð at hann væri þar iþingi þa er honom var stefnt<sup>5</sup> þa rofnar dominin. oc verðr onyt sökin. Ef hann spyrt sva síð at hann getr eigi stefnt a stefno dogom. þa er honom rétt hvart sem hann vill at stefna sva nær alþingi sem hann vill eða lysa at logbergi til

<sup>1)</sup> Ritað i fyrstu lávst, en síðan leiðrétt þannig. Í útg. Árna-Magnússonar nefndarinnar er þó haft laust.

<sup>2)</sup> Ritað stefna.

<sup>3)</sup> Héreptir hefur ritarion í fyrstu skrifð a varþingi, en strykad síðan þessi ord út aptur.

<sup>4)</sup> Leiðréttung fyrir fyrir.

<sup>5)</sup> Ordin En — stefnt eru rituð tvívar, en strykud út aptur á fyrri staðnum.

sócnar et sama sumar. Nu comr hann eigi til þings. þa er rett at sa taci til er vill at veria fyrir hann sva sem sa se réttr apile ef hann hefir eigi aðr spurt. Mane er rétt at lata lyrit coma fyrir söc þá er honom er a hendi. Hann scal fara til fundar við goda þan er hann er iþingi með. enda er rett at anær maðr take lyritin af godanom. Hann scal nefna ser vatta. Jþat vætte. at ec spyr þic eptir oc nefna godann. hvart þv hefir godord þitt þat er þv nefnir doma með eða ber xii. quiðu eða hafir eigi. En godi scal svara honom. En hin scal nefna vatta at suorom þeim er verða. oc godinn svarar honom. En ef godi svarar því at hann hafe godord þat. þa scal hin nefna ser vatta. Jþat vætti. at hann teer lyritit af godanom en godinn selr honom goda lyrit lög lyrit fullan at veria domendom at döma um soc þa oc nefna sökina. oc nefna man þan er honom hefir stefnt. oc sva gögn öll fram at fóra þav er lyrit á fyrir at coma. En ef sa maðr teer lyritinn er eigi a söcen ahendi at vera fyrir hin er sökin er ahendi. oc scal þa nefna þan anafn er sökin er ahendi. oc fara því male alengr sem aðr var tint. Nu uill godi eigi selia lyritit fyrir þriðungs man sin oc a hin þa at beiða hann með vatta logbeiðing. oc varðar honom þá fiorbavgs gard oc scal sökia við vattord. þat er han var beiddr. Godinn a at beiða ser biarg quiðar bva sina v. hvart hann vissi at sa maðr væri þar<sup>1</sup> þriðungs maðr er socen var ahendi. eða vissi hann eigi. Nu ef þat ber quiðr at hann vissi eigi. oc hann mundi selia lyritin ef hann (Bls. 45, a.) vissi vist at sa maðr væri þar i þriðungi oc versc hann þa sökini. Hann scal fara til þings er lyritin hefir

<sup>1)</sup> Hereptir hefir i fyrstu verið ritad í, en strykað síðan undir það.

tekin af *godða*. en *hann scal* ganga þangat til er domrin er settr en *hann* aþar at veria lyriti þat er domendr heyra a. *Hann scal* föra fram hvart sem *hann* vill aðr söc se fram sögð a hendr honom eða síþan. *hann scal* nefna ser vatta aðr *hann* föri lyrit fram. J þat vætte. at ec ver lyriti *godða* lyriti lög lyriti fullom. domendom at döma um soc þá oc queða a söena. þá er *hann* hefir ahendi honom eða mer. oc nefna *godann* oc sva þan man er sökin er ahendi. ef *hann* ver fyrir anan man. Enda scal *hann* sva veria quið monnom lyriti. at bera quiðo um *hann* ef *hann* vill. oc sva öll gögn nema stefno vætte. nema fleire gögn se fram comip aðr. Ef menn bera þa ofliðe oc lata þa eigi ganga til doms þa eigo þeir at nefna ser vatta oc beiða þa at þeir gangi til doms. enn ef þeir ná eigi at ganga til doms. þa scolo þeir þar veria lyriti er þeir coma framast. oc mæla þar þeim malom öllum sem at domi. Pat vætte scal láta bera ef hinn toc af *godanom* lyritinn. en þeir scolo hafa öll orð slic i vættis burð sinom sem þeir voro at nefndir. þa er hin toc lyritin af *godanom*. Peir scolo eiða vina aðr þeir bere vætte iafnt sem a alþingi. Ef *godí* ferir lyrit sinn siálfir fram hvart sem *hann* ferir fyrir sec eða fyrir anan þriðungs man sin. oc scolo þar engi töco vætte fylgia. *Hann scal* nefna ser vatta. i þat vætte. at ec ver lyriti minom löglyriti domendom at döma um söc þá. þar þurfo engi töco vætte at fylgia ne eiðar.

## 59. um domendr.

<sup>a)</sup> Domendr scolo nefna ser vatta oc lata þat standa fyrir domi sinom at *godða* lyrit er komit fyrir söc þá oc

nefna sökina *oc* sva *ef* fleire ero. Ef quiþar er quatt til sacar þeirrar. *oc* eigo þeir at nefna ser vatta. Jþat vætte. at þeir láta þat standa fyrir quiðburþ sinom ef þeim var varit at bera quiðin at goda lyritr<sup>1</sup> er comin fyrir soc þa.<sup>2</sup> Ef vætte sylgir sekine. þa eigo þeir þat at lata standa fyrir vættis burð sinom at goda lyritr er comin (Bls. 45, b.) fyrir söc þa. Sa maðr er lyrit hefir fram ferdan. hann scal nefna vatta at því huer gögn ero fram comin til varnar *oc* tina þav *oc* nefna hin er sökin er ahendi. EN sa maðr er sokina hefir at sekia. hann scal nefna ser vatta. Jþat vætte. hver gogn ero fram comin til socnar.<sup>3</sup> hann scal þat vætte lata hera ialþingis domi. Of sacir þær allar er lyritr kómur fyrir a varþingi. þær scolo fara til alþingis *oc* i þan fiordungs dom er þingit er ifiordungi *oc* gögn þav öll er oborin verða a varþingi. þa e. o þav siálf quodd til alþingis *oc* sva gagna gögn. Ef godi selr lyrit fyrir anars þriðiungs man. *oc* er hann utlagr um þat. *oc* or godordé sino. Ef maðr förir lyrit fram anan enn goda lyrit. *oc* varðar þat fiorbavgs gard hvarom tvegia *oc* er þat stefno söc hvartvecia *oc* scal quedja til heimilis bva ix. a þingi. þess er sóttr er at bera um þat hvart hann toc lyrit af goda eða eigi. þá a hann at beiða ser biarg quiðar bva sina v. hvart hann hugði at sa maðr föri með godord er honom selldi lyrit. En ef sa quiðr verðr borin a godann at hann hefði eigi godord þa með at fara er hann selldi lyritin *oc* secz hann þa. Ef godi er sóttr um þat at hann hasi lyrit sin latið coma fyrir anars goda þriðiungs man. *oc* a hann ser biarg quiðar at

<sup>1)</sup> I útg. Árna-Magnúss. nefnd.: lyriti.

<sup>2)</sup> Deplinum er við bætt.

<sup>3)</sup> Í fyrstu skrifad varnar, en leidrétt síðan þannig; deplinum er við bætt.

beiða bva sina v. at bera um þat hvart hann var þar þa i þingi eða eigi er honom var stefnt. En ef þat ber quiðr at hann var þar þa i þingi. þa versc hann sekini. Ef maðr er spurþr með vatta<sup>1</sup> hvar hann var i þingi eða i þriðiungi. Nv svarar hann því at hann var þar i þingi sem honom var stefnt til. Ef maðr færir lyrit fyrir söc þá. oc a sa lyretr eigi at standaz er vætte þav comv idom fram. þar er sa var spurðr þingvistar er sóttr er. Ef maðr spyr man með vatta hvar hann er i þingi enda hittir hann .i. hann ihaga ýti. oc er honom rétt þat at hann svare því at þeir gangi til hvss oc hann muni þar svara honom er hann hevir vatta við. Ef hann vill eigi þeim váttom hlíta er hinir hafa. Ef maðr svarar einogi er hann er spurðr með vatta. hvar hann er i þingi oc varðar honom þat vtlegð. enda scal hann til þess þings stefna honom er hann er sialfr í. (Bis. 46, a.) er með sökina fer. oc a eigi lyritr fyrir þa söc at coma. Ef þeir eigo fleire godord þat saman er hann hefir þriðiungs vist með. oc er honom rétt at hann svare því. með þeim þeirra em ec er með godord þat fer. oc nefna þa. Ef maðr stefnir avðrom i þat þing er hvargi þeirra er í. oc verðr hann utlagr um þat oc onýt soc hans. Böanda er rétt at senda anan man til at heyia þing fyrir sec þan man er samþinga se við hann. enn hann scal fara enn fyrsta aptan er hann komr til þings at fina godann oc segia honom at boandin hefir hann sendan þangat at heyia þing fyrir hann. oc verðr sa réttr at nefna i dom oc sva xii. quido at bera með coðanom. En godi a þess cost hvart sem hann vill at sekia bondann um heima setona eða ella heimta þingfarar cap at honom hálfan

<sup>1)</sup> Við heft.

eyri. ef *hann* sendir engi man til at heyia þing fyrir sic. Ef bondin gengr or þingi *goðans* fyrir þær sacir at *hann* var sóttr um heima setona oc varðar honom þat iii. marca sech oc a *goðinn* þa söc at sökia. **Ef** þingheyiendr ero um nótt af varþingi eða sva at þat standi fyrir gognom. þa varðar þeim fiorbavgs gard. oc queðia scal<sup>1</sup> bva ix. aþingi hvara sem *hann* vill. *heimilis* bva þess er sottr er. eþa hina er næstir bva þingvellinom. en hvern á at sökia þá söc er vill. **Ef** maðr er quaddr vat orða til þinga tvegia. þa scal *hann* fara til þess þings er *hann* er í. en *hann* scal retta vættit. þat er til hins þingsens scal. **Ef** *hann* er bva quiðar quaddr til anars þings en til anars þings vattordz. oc scal *hann* retta vættit oc fara til þess þings er *hann* er bva quiðar quaddr. **Ef** *hann* er quaddr bva quiðar til tvegia þinga. oc scal *hann* til þes þings fara er *hann* er fyr quaddr. Goðin a þat at göra ef *hann* vill at ganga iþingbrecco a varþingi oc nefna ser vatta. iþat vætte. at *hann* scal heiða alla þingheyiendr er þar ero iþriþiungi með honom. at þeir scolo fara með honom til alþingis oc þeir scolo luta eða scipta anan veg með ser ella. en fara scal inn niundi hvern þing manna hans oc þingheyianda. Þing scal lavst segia at miðiom degi þan dag er menn hafa iiiii. nætr verit en eigi fyr nema (Bls. 46, b.) þingonavtar verþi allir a eitt sáttir enda se settar sacir þær allar eða dœmþar er þar voro búnar til þess þings. Þing scolo<sup>2</sup> standa sva öll sem nv ero sett varþing. EN ef menn vilja myna varþingi oc scolo samþingis godar þat handsalaz oc segia til þriþiungs monnom sinom aleið. þess eigo þeir

<sup>1)</sup> Röðinni a orðunum queðia scal er breytt með serkneskum tölustöfum, liklaga með yngri hendí

<sup>2)</sup> Stafnum o i niðurlaginu hefur ritarinn bætt við ofan linu.

*oc* cost ef þeir vilia at slita sva þingi at þeir föri tváv saman ef þo væri aðr slitin *oc* verþi þeir allir a þat sáttir þeir goðar er íþeim þingom ero. Enn þeir scolo biðia lofs at ilögretto *oc* segia vpp at lögbergi. *oc* scolo þeir nafn gefa þingino *oc* queðia aþing morken. **Ef** menn verða secir a varþingi *oc* scal queðia ferans doms dag þann er sócnar þing er lavst goða þan er sa er íþingi með er secr er orðin. at eiga a<sup>1</sup> xiii. nátta fresti at heimili þess er secr er orðin *oc* fara sva at ferans domi þeim sem þa at hann yrði secr í alþingis domi. **Ef** menn verða secir avarþingi *oc* ero þeir menn alnir þar a milli er ferans domr er átr at þeim *oc* til seðpar þeirra er sagt at lögbergi *oc* varðar þat fiorbavgs garð. En þeirre söc scal stefna heiman *oc* queðia til xii. quiðar goða þan er sa er íþingi með er sottr er. En þeim einom monnum varðar eldi þeirra manna er sekir verða a varþingi eða a heraðs dómom heima i heraðe. þegnscapar lagning eða quið burði eða vetti<sup>2</sup> þat varðar fiorbavgs garð. Þat ero stefno sacir *oc* scal queðia til xii. quiðar goða þan er sa er i þingi með er sottr er.

60.<sup>3</sup>

**Ef** maðr verðr secr at sátt. En þa verðr maðr secr at satt er hann handsalar sect sina eða sva handsalar hann at hin scal gera sect hans ef hann vill. *þat er mælt* at eigi gorir ein maðr sect manz nema a se

a) = Á. M., c. 40.

<sup>1)</sup> Við bætt.

<sup>2)</sup> í fyrstu ritað vettis en síðan leidrætt.

<sup>3)</sup> í fyrstu linu kapitulans er autt rúm handa fyrirsögninni, en ritaranum hefur gleymzt að bæta henni við.

queðit asectina þa er hann handsalar secþina oc scili þeir þa fyrir þegar. Ef hann hefir sva handsalat at hann scyli gera secþ hans ef hann vill. þa má hann eigi vm gera secþ hans anan veg en nefna til xi. menn en hann se siálfri in tólpti. En ef a var queðit a sect hans. þa er secþen var handsoloð. *oc* mego þeir (Bls. 47, a.) eigi gera aðra secþ hans þa. en til var scilit fyrir vöttom. En bera scal vætte þat aðr sáttin se uppsogð sva at sáttar menn heyre. er at var nefnt þa er hann handsalaðe secþena. Ef anar maðr handsalaðe sect hans en hann siálfri. þa scal vætte þat láta bera þar aðr sattin se vp sogð er hann hafðe honom ihond sectar handsalit sellt. Þeir scolo eiða aðr vina. *oc* sva vina eiða *oc* vætte bera at sáttar menn heyre. Ef maðr handsalar manne sátt slíka sem hann vill gerva hafa. Vsque insinem. *oc* aþat at halda<sup>1</sup>. Ef maðr handsalar manne aqueðna secþ sina scyrt þa þarf eigi at döma.<sup>2</sup> segia scal þa til at lögbergi. Eigi vm gérir sect manz ella nema a se queðit asecþina þa er hann handsalar sáttina. en hann vm gérir eigi ella secþina nema hann geri með xii. man. en þat vætte scal lata bera aðr anar<sup>3</sup> maðr handsale secþ hans. Þeir scolo sva<sup>4</sup> eiða vina *oc* vætte bera at sáttar menn heyri. Þær ero logsecþir .iii. a lande voro ef maðr er gor scogar maðr oferiande eða fior bavgs maðr. en su en þriþia at avka sva fiorbavgs secþ at hann scyli eigi eiga fört vt hingat. Ef menn verða ii. adilia at eini söc *oc* vill anar bva til varþings en anar til alþingis *oc* a sa at raða er til alþingis vill bva. En ef hin hefir

<sup>1)</sup> Pessa grein, sem hér er ekki nema upphafið á og niður lagið, má lesa gjörvalla hér að neðan, skinnb., bls. 51, a. (sbr. Á. M., Kaupab., c.75).

<sup>2)</sup> Deplinum er við bætt.

<sup>3)</sup> I útg. Árna-Magnúss. nefodarinnar: annars.

<sup>4)</sup> Við bætt.

bvit til varþings sokena þa a hin cost hvart sem hann vill hafa til alþingis oc<sup>1</sup> lata lyrit coma fyrir sökena eða stefna ella dominom til rofs. Ef fiorbavgs sacir ero .ii. ahendi manne einom. oc ieinom domi oc scal þa döma hann scogar man ef ein er afili at bádom. Ef þær sacir ero ii. ahendi manne fiorbavgs söc oc scog gangs söc i einom domi. þa scal döma eptir scog gangs söcini. oc a sa ferans domi upp at hallda. EN ef scog gangs sacir ero .ii. ahendi einom manne<sup>2</sup>. oc hafa .ii. menn þær sacir með at fara oc scolo þeir luta með ser hvar þeirra scal ferans domi up hallda EN hvartuegi þeirra scal föra gogn sin til ferans doms oc lata þat bera hve mælt er fyrir secþ hans. En þeir (Bls. 47, b.) eigo báþir iafnt secþar fe. oc sva at sekia vム biorg hans. EN ef ii. menn hafa sacir a hendi einom manne oc scolo þeir luta með ser hvar þeirra scal vp halda ferans domi.<sup>3</sup> Nv huerigi van lycþir er hann atte secr vム at verða við baða. þa scolo þeir sva scipta með ser sem þeir havi báþir gervan scogar man. En ef við anan þeirra verðr muna vant þa er sem<sup>4</sup> hann hafe ein secþan hann en scipta scolo þeir secþar fe at<sup>5</sup> öllu avðro með ser sem adr. Hvartz vant er meire bot a eða mini a secþ hans þa<sup>6</sup> at hann se scogar maðr oferiande enda comi scog gangs söc a hendr honom þa scal sekia hann sem sycnan man oc sekia hann<sup>7</sup> fullri

1) Geigða fyrir a t.

2) Pessi tvö síðustu orð eru rituð i gagnstæðri röð: manne einom, en þetta hefur síðan verið leiðrött með tilvisunarmerkjum.

3) Deplinum er við bætt.

4) Við bætt. Með yngri hendi er hér rituð ofan línu: sem sa, og orðið hann strykað út.

5) Úppyfirl þessu orði er með yngri hendi rituð oc.

6) í útg. Árna-Magnússonar nefnd., liklega misprentað.: þ o.

7) Héreptir rituð í fyrstu sem, en síðan strykað út aptur.

secþ. Ef maðr verðr fiorbavgs maðr oc eigo menu honom eigi farar at bana. enda a eigi secþ hans at avkaz nema hann göre þær sacir at hann verþe scogar maðr um at vera. Huartz sem maðr verðr secr at satt eða avarþingi oc standa sacir ahendi honom anat tuegia fiorbavgs soc eða scog gangs söc. oc scal sa maðr er þær sacir a at sækia stefna hinom er secþan hefir hann oc lata honom varða<sup>1</sup> fiorbavgs garð þat er hann secþi hann bréc secþ. oc hann villdi hans mal i því eyða. oc hann mundi eigi sækia hann ef eigi stöði sv soc<sup>2</sup> a hendi honom. oc scal hann queðja til heimilis bva ix. þess er sottr er at bera um þat hvart hann mundi sækia hann til sectar þeirri söc eða eigi oc hann villdi íþví eyða þa söc er hann fer með. Ef þat ber quiðr at hann villdi íþví hans söc eyða. oc varðar þeim þat fiorbavgs garð er secþan hefir hann. oc heitir þat þa brek secþ. enda adomrin þa at rofna.

## 61. leiðar mal

<sup>a</sup> Uer scolom leiðir eiga oc scolo godar þeir eiga leið saman er þing eigo saman. oc scal þar leið þeirra vera sem þingstöð þeirra er. nema þeir fae lof til anars. Leið scal eigi vera síðar en ðrottins dag þan er lavgar dagin aðr lifa viii. vicor sumars enda scal eigi leið vera fyr en xiii. nætr ero fra alþingi. En leið scal engi<sup>3</sup> vera scemr en dagstundar leið. oc eigi lengr en ii.<sup>a</sup> náttu leið. En

<sup>a)</sup> = Á. M., c. 41.

<sup>1)</sup> Við bætt.

<sup>2)</sup> Í fyrstu skrifad secþ, en síðan hefur verið dregið undir e og o skrifad uppyfir, en ritaranum hefur gleymzt að stryka út þ í niðurlagi.

<sup>3)</sup> I útg. Árna-Magnúss. nefnd. eig i.

leið scal sva hælga iamt sem þing. enda eycz (Bls. 48, a.) rettr manz þar a leið helgadri sem a þingi. Þar scal ny mæli oll up segia aleið oc miseris tal. oc imbrodaga halld. *oc* langafösto i gang *oc* sva ef hlavp ár er eða ef við sumar er lagt. *oc* sva ef menn scolo fyr coma a alþingi en x. vicor ero af sumri. En sa godi scal þat tina er þinghælgi á. nema þeir hafe því scipt anan veg með ser. Þing menn allir eigo at gera ser búðir þar er þeir ero iþingi ef þeir vilia. þeir eigo hross sin þar at hafa meðan þeir ero aleið eða aþingi eða buþir gera ser. Ef þeir eigo buþir er farnir ero or þingi þaðan þa scolo þeir eigi optar þar gera buðir. En þeir eigo bot sama um þær buþir ef þeir vilia. En ef þeir<sup>1</sup> gera þar buþir þa ero buþirnar utlagar við þan er landit a undir hvart sem þar a þing maðr eða anar. en hann secz agerðini. Ef buþir manna falla anatveggia a alþingi eða a varþingi. *oc* falla til iarþar *oc* ligia niðri sva iii. sumor þa a hverr<sup>2</sup> at gera ser þar búþir er vill.

## 62. ferans domr

<sup>a)</sup> Pat er mælt at huerr þeirra manna er secr er orðin þa scal eiga ferans dom eptir. enda scal quedja ferans doms at þinglavsnom goda þan er sa er i þingi með er secr er orðinn. *oc* eiga .xiii. nóttom eptir vapna tac at heimili þess er secr er orðin. i orvarscótum hæligi þar er hvarki se acr ne engi. En ef hann veit eigi heimile ens sekia manz. þa scal hann eiga ferans domin

a) = Á. M., c. 42.

<sup>1)</sup> Héreptir ritad v, en strykað síðan undir það.

<sup>2)</sup> Leiðrætting fyrir hverra.

at heimili *coða* þess er sa er iþingi með er hin secþi. Enda a sva at fara þa ef hann veit eigi þing vist hans sem þá at hann viti eigi heimili hans. at hann skal quedja til dóms upsogo vátta iii. nóttonn fyrir ferans domen eða meira meli ef hin verðr idomi secr. En ellegar þat vætte er var nefnt þa er hin var isátt secr gör. *oc scal* lata bera vættes vætte þat er at því var nefnt er hinn handsalaðe sect sina. Þeir menn er fe eigo at þeim manne er secr er orðin. þeir scolo quoðo vatta sina hafa til en þeir bva er eigi hafa vatta til iiiii. nóttonn fyrr eða meira mele. (Bls. 48, b.) Sa a bva at quedja til er secþi hin iii. nóttonn fyr eða meira mele at scilia um þat hvat þar er seðpar siár.<sup>1</sup> ero þeir bvar iafn scyldir at scilia um allra þeirra mál er fe hafa átt at þeim er secr er orðin *oc* eigi hafa vatta til. Ef omagar coma til ferans domsens oc *scal* beiða xii. quiðar at bera um þat hvart þeir voro hans omagar eða eigi ens sekia manz. þat a hans omaga at bera er hann á arf eptir at taca eða þeir aðrir er bvar hafa þat borit at hann hafe þa omaga með fe tecna sva at þat hafe iafn mæli verit. En ef þeir ero fleire iafn scyldir omaganom. *oc* eigo þeir bvar at scipta með þeim. *scal* at þeim lut for döma sem hans verðr or omaganom<sup>2</sup> þeim. Barn þat er eigi scylt at föra til ferans doms er maðr verðr secr um faderne. En ef þeir menn föra eigi omaga til ferans doms er scylldir ero til at föra þa raða þeir ser ahond omagana en eigi ersingiom sinom. Ef maðr leynir seðpar feno. *oc* varðar honom þat fiorbavgs garð. *oc scal* stefna heiman þeirri söc. *oc quedja til heimilis* bva ix. aþingi þess er sottr er. hvart hann hafe því fe leynt eða eigi

<sup>1)</sup> Deplinum er við bælt.

<sup>2)</sup> Héreptir í fyrstu skrifad *oc eigo*, en síðan eru orð þessi strykud út aptur.

er hin hefir *vm* stefnt. Scal þar sin eyri hveriom döma ef sva vinz fe til. en döma scal rett or feno ef rettar söc er. en þa fola giölld ef þiof söc er. Ef fe vinz betr til þa scal döma goda þeim er dom nefndi ku eða uxu iii. vetra gamlan. Ef avrar vinaz eigi til. þa scal scerþa iafnt alla avra. Ef sa maðr átte cono er secr er orðin. oc scal sva döma *vm* fe hennar sem at sculda domi. Jafnt scal þangat öll fe mal til bva sem til sculda doms oc sva *vm* lanðz virðingar oc *vm* veð mala ef meun eigo oc at öllum fe malom fara sem at sculda domi.<sup>1</sup> þeim er menn ótto aðr fe at honom. aðr hann yrði secr. oc scal eigi heimanfylgio<sup>2</sup> hennar scerþa. oc eigi mundin ef hann átte þa sialfr avra til mundar. En ef hann atte eigi sialfr fe til mundar. •þa scal scerþa mund iafnt sem aþra avra. (s. 49, a.) Ef þav hava sva gert sculldir at begia þeirra ráð hafi at verit. þa scal at þeim lut hvart þeirra giallda þær sculldir sem þav hofðo nytjar af því fe. Ef þat se er þar nokot er menn hafa veð mælt. oc scal sa þeirra hafa veð mala sin er hann hefir at lögum at farit. En ef ii. menn hava en sama lut veð mæltan. oc scal sa maðr hafa þan grip er fyr hefir veðmæltan nema sa fare at olögum at. En ef hin hefir at lögum at farit er síðar veðmælti. þa scal hann hafa þat fe en hin eigi er at ologom fór at. En þa er at lögum<sup>3</sup> at farit er synt er váttom veð mále enda er þo rétt ef þeim er sva kunt þat se er veð mælt er at þeir hafa sét. en lysa scal veðmala

<sup>1)</sup> Deplinum er við bætt.

<sup>2)</sup> Getgáta; i skinnbókinni. oc scal eigi honom fylgio döma, en síðustu 3 ordin eru dauf og líta út einsog þau varu riðuð með blökku bleki; virðist svo sem ritariðn hafi æflað að má þau út, af því hann hafi orðið var við, að hann hafi lesið rangt handritið, sem hann hefir haft fyrir sér; hvað snertir getgátu vora sbr. um skuldadom hér að nedan, skinnb., bls. 157, a.

<sup>3)</sup> Héreptir skrifad er, en síðan hefir verið strykad undir orð þetta.

fyrir þvom v. þess manz hvvm er fe sitt let veð mæla. Ef adrir ávrar ero scerþir. oc scal hann eigi hafa meira fe en hann átti at honom fyrir ondverþo. þoat hann hafe meira veðmælt. Peir menn allir scolo eiða vina er þar scolo lögscil mæla iafnt sem at þinga domi. En þeir eigo at döma þeim manne varðveizlo siar þess til alþingis ens næsta. er secþi. En þeir eigo helming<sup>1</sup> at döma<sup>1</sup> aðilia en hælming fiorðvngs monnom. Peir eigo at döma för omogom þeim er þar coma til ferans doms. er sa átte er secr er orðin um þat þing sem ferans domrinn er átr. Nv ero þar þing .ii. a einom þingvelli. oc scolo þeir þa fara um þav þing bæði. Ef fe vinnz bætr en nv var talit. þa scal þat fe döma halft þingonavtom þeim sem ferans domrin er i átr oc omagárnar eigo at fara ef ero. en hálft þeim er secþi. Peim scal döma varðveizlo siár þess er secþi. er þingonavtar scolo hafa. En hann scal hafa fe þat til leiðar þeirrar er hann heyr ef þeir ero samþinga er hann hefir heimt þa oc scipta þar við þá. EN því er hann hefir þa eigi heimt at viðtöcom eda at handsöлом. þa scal hann scipta við þa a varþingi. EN ef (Bls. 49, b.) sa er utan þings maðr er secþi. þa scal hann scipta á alþingi eno næsta. Scipta scal því öllu at ferans domenom. er þar ma oc selia i hond þeim goda er ferans domen nefnde. Pat fe er þingo navtar hlióta þat scal til þes hafa at stadfesta omaga með ef ero meþan þat vinz til. EN ef fe er meira þa scal hafa til þurpta þeim omogom öðrom er þar eigo at fara i því þingi. Ef hann a eigi ferans domin svá sem mælt er ilogom oc varðar honom þat fiorðavgs garð. oc a sa maðr þa söc at sekia er til omaga varðveizlo þeirrar stendr er þar scylldi

<sup>1)</sup> Ritad döma þeim manne, en síðstu tvé orðin eru dregin út aptur.

for döma ella. EN ef sa maðr atte eigi omaga er secr er orðin *oc* a sa maðr sœkena er feit atte at honom. EN ef hann átte engar sculdir þa ahuerr þa söc er vill oc scal stefna þeirri söc heiman *oc quædia til heimilis bva ix.* aþingi þess er *sottr* er. EN menn scolo sva coma til domsens at nefndr se fyrir miðian dag *oc scal sva gogn öll.* *oc sva þeir menn allir* er þar eigo fe at heimta. *oc sva þeir menn allir* er omaga eigo þangat til at föra með þa omaga. Ef menn verða eigi sva viðr varir at þeir megi til ferans domsens comaz með omaga. hann scal lysa et næsta sumar til framförslo þess omaga at logbergi ahendr þeim þingonavtom er sa godi er i þingi er nefna let ferans domin *oc quædia til xii.* quiðar hvart þrt voro<sup>1</sup> hans omagar eda eigi þess manz er seer vard. EN heimilis bva sina .v. at bera um þat hvart hann matte til ferans doms comaz fyrir naðsyniom eda eigi<sup>2</sup>. EN omagar scolo fara.

### 63. um spellvirki.

<sup>a)</sup> Par er maðr er dœmþr fiorbavgs maðr um spellvirki. at hinom er sótte scolo gialldaz scaða betr at ferans domi slícar sem bvar v. virða viðr bóc. Nu gialdaz honom eigi scaða betr sem mælt er at ferans domi. þa verðr hann iafn secr þegar er ferans domi er lokit sem hann verði dœmþr scogar maðr i alþingis domi o ell *oc* oferiandi.

a) = Á. M., c. 43.

<sup>1)</sup> í skinnbókinni <sup>r.</sup>

<sup>2)</sup> Við heft.

## 64. Vm goda.

<sup>a</sup> Ef godi kœmr eigi<sup>1</sup> til varþings ondverz. þa verðr hann um þat utlagr oc er hann or goð orðe sino. oc eigo þeir menn soc þá er sacir hafa þangat hafðar. til þings þess. Nu vilia þeir eigi þa eigo sambingis godar hins (Bls. 50, a.) sa þeirra er helldr vill sótt hafa. oc a þingi er ef eigi ero bæfir. Nu vilia þeir eigi þa eigo inan þings menn fyrst en þa hvern er vill. Ef sv söc kömr upp er heimanquod fylgir þa scal þviat eins til varþings bva ef quaddir ero bvar vico fyrir þing eða meira mele oc sva stefnt. Ef maðr sœkir utan þings man a varþingi vm þat at hann hasi borit liug quið. þa scal quedia goda þan er hann er sialfr í þingi med. Ef maðr geriz illvirki sa at hann spillir fe manna sva at hann gorir iþvi kugilldis scada eða meira oc vardar þat scog gang. scal quedia til ix. bva aþingi þadan fra vm þan stað er illvirkit var gert. En þat er illvirki er maðr vill spilla fe manna fyrir önnkost oc fyrir illgironis sacir. Þa söc scal lysa at lögbergi vm illvirki oc sœkia<sup>2</sup> et sama sumar.

## 65. vm utlegðir.

<sup>b</sup> Ef utlegðir fara einar saman. þa scal dœma gialld þess fiar þar a þingstöðini sem þingonavtar verða a sáttir xiii. nóttom eptir sochnar þing. utlegðir halfar allar oc

a) = Á. M., c. 44.

b) = Á. M., c. 45.

1) Orðin kœmr eigi eru rituð tvisvar, en dregin út a fyrra staðnum.

2) Leiðréttung fyrir söka.

sva secþar fe þav er á varþingom verða demp þa eigo þingonavtar hælming en hælming sa er sœkir.

## 66.

<sup>a</sup> Ef maðr handsalar secþ sina heima iheraðe. eða verðr hann at sátt secr gør. þa<sup>1</sup> scal queðia ferans doms a alþingi eno næsta eptir þat er hann var<sup>2</sup> secr gør. Hann scal spyria at logbergi ef<sup>3</sup> hann veit eigi aðr at heimilis fangi hans oc sva at þing festi. Nu gengr engi við heimilis fangi hans en goði gengr við þingfesti hans. þa scal at þes goða eiga ferans dom oc beiða hann þa at eiga domin. Nu er við hvarogi gengit. þa scal hann at þess goða eiga er hann er iþingi með sialfr. oc beiða hann þa at nefna domen.

## 67. ef eigi komr fe fram.

hreyfum. <sup>a</sup> Ef maðr verðr vegin eða verðr hann omale eða ovite af a vercom a alþingi. oc er sa socnar adile er a þingi er scyllztr karl manna.

## 102.

<sup>b</sup> Ef maðr verðr seer um vig þat er hann vegr a alþingi þa er sa maðr gilldr iii. morcom lögavra. Sa maðr er oc anar sva gilldr er hann brenir menn in. En inn þride þræll sa er vegr at drottne sinom eða at droltningo eða born þeirra eða fostr. iv. er mord vargr. EN adrír scogar menu allir þa ero gilldir viii. avrom.

Þar er menu verða secir um vig þa scal sekiande kiosa man til veganda at domi eða at sött fyrir sattar monnum. þan er hann vill þeirra manna er at vige voro. oc scal hann í þess átt telia til sac bóta oc sva a hann við þan man hruðningar. en ef hann gør eigi kiosa. oc of telrat hann til sac bóta þa ne til hruðninga.

## 103.

<sup>c</sup> Pat er mælt. at maðr scal stefna um mord oc quædia til xii. quidar goda þan er sa er íþingi með er sóttr er. Costr er at quædia heimilis bva ix. heiman. þess manz er sottr er oc lysa söcena aþingi þvi er hann quaddi bva til. Sa er in iii. costr at hiævm fundnom at quædia bva fra hrœum oc lysa söc a þingi. <sup>e</sup> Sacar þessar allar er her ero talþar þær scal lysa aþingi en

<sup>a)</sup> = Á. M., c. 52, bls. 9221.

<sup>b)</sup> = Á. M., c. 47.

<sup>c)</sup> = Á. M., c. 48.

<sup>d)</sup> = Á. M., c. 49, bls. 8717.

<sup>e)</sup> = Á. M., c. 62.

*quedja bva heiman enda er rétt at lysa þær sacir allar er heiman ero quaddir bvar vm. enda er rett at stefna hvar þess er rétt er at lysa.*

104.<sup>1</sup>

*" Sacar þessar allar er aðilin hefir spurt þa er iiii. vicor ero af sumri eða fyr oc scal hann stefnt hafa miðvico dag þan et síðarsta er vi. vicor ero af sumre en næsta dag eptir. en bvar scolo quaddir vera lavgar dagin þan eptir á eni vii.<sup>a</sup> vico. " EN ef hann spyr síðar söcena aðilen eða gerezc honom síðar en sva oc fyrir far dag in efsta. þa er rétt at stefna alt til þess er vii. vicor ero af sumre et síðarsta. en bvar scolo quaddir vera er viii. vicor ero af sumre. EN þar er gagn quod (Bls. 72, a.) komr til oc hafé aðrir quatt fyrir fardaga en aðrir vili quedja eptir far daga. oc scolo þeir ena sömo bva þo quedja. EN ef bvar hafa fört heimile sitt a þui mele oc scolo þeir þar quedja þa sem þa átto þeir heimili er en fyre var quoðin. EN sa er eptir fardaga hefr upp bva quod scal quedja bva þa er næstir scolo bva þav missere þeim stað er hann quedr vm. Ef mafr spyr söc þa er hann er aðili at drottins dag ifardögum eða síðar. oc a hann cost at bva soc þa eigi til sócnar a þvi sumre. Enda er costr at sekia a eno næsta alþingi. oc ef sv soc er. er heiman scal quedja bva til oc scal hann stefnt hafa ef hann hygr en v.<sup>ta</sup> dag vico et síðarsta er viii. vicor ero af sumre oc sva quadda bva. anat tuegia scal alla bva quedja þa er bvet hafa fyrir en v.<sup>ta</sup> dag ifardögum eða eptir fardaga. Sacar þær allar er síðar*

*a)* = Á. M., c. 63.

*b)* = Á. M., c. 64.

*1) i enda fyrstu linunnar er autt rum handa fyrirsögn.*

coma upp en viii. vicor ero af sumre þa'er sva mælt ef eigi er heiman quoð til oc sva þær allar er sva síðarla coma upp þótt heiman quoð comi til. at hann mætti eigi fa quadda bva þa er viii. vicor ero af sumre. þa scal þeim söcom stefna sva nær alþingi sem hann vill. ef hann vill þo a eno næsta al þingi sekia. En ef heiman quoð kome<sup>1</sup> til saca ef fyr hefðe upp comit. oc scal hann quedia til þa bva ix. aþingi er næstir bva þa þeim stað er hann átti um at quedia ef hann quadde heiman til enar sömo sacar.

nymæli. <sup>a</sup> Ef aðili spyr sva síðarla vig söc.

<sup>b</sup> Ef aðile er utan fiorðungs. oc er honom rétt at hafa þan til buning at lysa aþingi oc quedia bva heiman oc quedia vettvangs bva ix. aþingi. Ef sva nær er alþingi at utanfiorðungs monnom þickir eigi rádrúm til at coma at bva mal til sócnar a því sumre hvatki er at þrýtr. oc er rétt at hann lýse at þinglavsnom til socnar anat sumar ef hann vill. enda scal hann quedia bva hvart sem hann vill heiman eða a þingi.

## 105.

<sup>c</sup> Ef menn hlavpaz til eða særaz eða verða men (Bls. 72, b.) vegrir iþingsför oc er rétt at lysa fyrir ix. bvom ef þeir ero þar sva til eða fleíre þeim er hann hygr at eigi mone laga lestir kendir aþeim vettvangi. enda er rétt

a) Það er eigi óliklegt, að þessu sé samsvarandi greinin hér að neðan c. 107 (= Á. M., c. 65).

b) = Á. M., c. 64, bls. 104<sup>2</sup>.

c) = Á. M., c. 44.

1) í fyrstu ritað kömr, en síðan hefur verið strykað undir t og e ritað fyrir ofan.

at lýsa fyrir .v. vettvangs bvorum þeim er réttir se at leiþar lengð allir i ix. bva quid. En sa er in þriði costri at þingi helgodo at lysa at logbergi ef sva ner er alþingi at hann getr þar lyst fyrir iii.<sup>a)</sup> sól. Þeirre söc scal stefna heiman at heimili þess er sottr er eda ella þar er hann heyri a sialfr oc quedia til ix. vettvangs bva afþingi enda er rétt at maðr stefni þar fyr en hann lysi frumhlavp eda averc. Rétt er at lysa þa söc a þingi oc sekja et sama sumar. oc quedia vettvangs bva afþingi ef raðrúm er at því fyr en domar fare ut. Ef lyst ero averc ahönd manne at lög bergi þav er iþingforini gerþuz oc þo at hann se þa afþingi. oc a hann eigi alengr þingvært. oc scal hann samdegris fara af þingi er lyst er ahond honom.

## 106.

<sup>a)</sup> Of sacar þær allar er upp coma um alþingi sva at socnar afíile verðr þa et fyrsta viss. oc er rett at stefna heiman þeim söcom. hvar þess er maðr getr gagna til quatt fyr en domar fare ut.

## 107.

<sup>b)</sup> Pat er mælt. ef enom vegna manne ero sacir ahond búnar til ohælge enda fregn sacar adile vígit afþingi eda sva síðarla at honom er eigi a því sumre scyllt at bva mál til socnar nema hann vile. oc er rétt at hann lyse þa þegar til socnar oc sekja et sama sumar. Ef hinir hafa vettvangs bva quadda heiman um þan vettvangin er hin

a) = Á. M., c. 64, bls. 104<sup>21</sup>.

b) = Á. M., c. 65.

fecc bana sár. Þa scal hann þa bva queðia a þingi<sup>1</sup> ena sömo er hinir hafa heiman quadda. Nu bva þeir síðan til oc queðia þeir bva til ohælge hinom vegna a þingi oc vm þan vettvang er hann fecc bana sár. þa scolo þeir queðia nott fyr en domar fare ut til socnar eða meira méle. En sa er vm vig sekir scal queðia ena sömo bva sem hin hefir aðr quadda. oc a sá hruðningar er síðan queðr. (Bls. 73, a.) Nv ef eigi verða allir einir þeir er hinir quoddo oc vettvangs bvar hins manz er bana fecc<sup>3</sup>. oc scal sa er vm vigit sekir queðia a þingi þa vettvangs bva er hann hygr rettzta vera. Ef vegandin hefir til ohælgi ser vercat a oðrom vettvangi við þan er vegin er. oc se socnar aþilen aþingi. en se til ohælgi enom vegna bvit. vm þan vettvangen er hann fecc bana sár eða averc þar scal socnar aþile vígsacarinar lysa til socnar ahönd veganda bæðe vigit oc þan lagalöstin er hann hafðe aðr til ohælgi ser gervan við en vegna oc scal hann queðia bva þá til aþingi vm þan vettvang er vegandin hefir til o hælgi ser vercat. við en vegna. Ef eigi er socnar aðilin aþingi en málin se bvin ahond enom vegna til ohælgunar. Nu ef frendr hans ero aþingi næsta brøþra eða nánare oc scal sa þeirra sekia er vill vigsec þá sva sem sa se réttr adile. En ef þeir bregðaz vm þa á sá er scyllztr er. En ef engi er þeirra aþingi er sva scylldr se eða vilia þeir eigi sekia. þa a goðe sa með för er socnar aðilin er i þingi með. hvarz maðr er vegin eða sár sva at hann er eigi at fær sialfr at bva mál til enda vm fær engi anan til. Þa eigo frændr slícan cost á því öllu vm sökena sem sacar aðilin ef hann væri a þingi enda er slíct mælt til handa goðanom. Þat er mælt. at

<sup>1)</sup> Ritað alþingi, en síðan hefir verið strykað undir fyrstu two stafina í orði þessu.

<sup>2)</sup> Skinnab. bætir við: aþingi, en oss virðist óefandi að orð þessi sé komin inu af misganingi og er þeim því sleppt; sbr. Á. M. og c. 101 hér að ofan.

hvergi er sekir þeirra manna er nv ero talþir her ef gögn beraz ihag enom vegna. Þa á at döma hann sycnan þeirra saca er ahond honom voro<sup>1</sup> bunar. En vegandanu sekian fullre secp. Ef eigi er vigsacar adile a þingi ne engi þeirra er nv ero talþir enda se malin buen til ohælgí ahond enom vegna. En vigsökin se eigi til buen. Þa asa er vill at quedia enom vegna biarg quiða<sup>2</sup> allra þeirra er þarf.<sup>3</sup> scal hann sva búa quedia til sem aðr var tínt. at sa scyldi quedia er malen biöge til sócnar þar a þingi. Nv hvatke er þess ber ihag enom vegna er vegande (Bls. 73, b.) ætte secr vm at verða, ef at lögum væri malen heiman buen, ahond vegandanom. Þa a at döma en vegna sycnan þeirra saca oc sva fe hans. Jafnt scal oc þarfara er maðr verðr vegin aþingi sem aðr var tint er socnar adilin er eigi a þingi. enn malin se búin til ohælgí enom vegna.

### 108. vm aliotz rað.

<sup>a)</sup> Fiorbagvgs garð vardar ef maðr biðr man anan fara til averka með ser. eda raðe hann aliotz raðvm um man. Slict vardar oc hueriom er heitr. Pat er stefno söc oc scal quedia til ix. bva heiman fra heimile þess er sottr er. Ef þeir coma isát fyrir menn oc scal þa quedia bva heiman fra sáte. En þa er sát er menn biða af því at þeir hycia þar til averca við menu eda þadan til at<sup>4</sup> fara. En ef þeir hittaz a þott þeir hafe hlavpit fyre er setit er fyrir. oc falla hinir ohælgir er

a) = Á. M., c. 85.

<sup>1)</sup> í fyrstu ritad ero, en síðan leidrætt þannig.

<sup>2)</sup> Rítad: biargquiða. en vigsöken, en síðustu erðin hafa verið strykud út aptur.

<sup>3)</sup> Deplinum er við bætt.

<sup>4)</sup> Rítad ofan linu.

*fyrir* hafa setit. *Pat er.* at manne *vardar fiorbavgs* *garð* aliótz ráð öll þott eigi comi fram. en *scog gang* ef fram kœmr.

*a) Ef maðr ræðr drep ráðom* *vm man.* [eða sar ráðum. eða aliótz ráþum huerigo þeirra sem hann ræðr oc scal um þav sækia sem fram coma. þoat hann reðe þar drep eða sár er ben kœmr fram. Ef maðr hefnir drepi frum lavps. þa scolo vettvangs bvar scilia *vm frumlavp.* en xii. quiðr *vm drep.* Pav ero ráð sva at maðr sva reðr *vm annan.* ef hann mælir þat fyrir mennom nokot at hin se þa bana at nær en heilendi at fir. ef þat quæmi fram er hann mælte].

*b) Pat ero aliótz ráð ef maðr gílldrar til þess at* *vapn scyli falla a man eða fliuga at honom eða anar vaðe* *nockor.* *sva oc ef maðr visar manne aforoð eða þar er* *olm kycvende ero fyrir.* Of þær sacir allar scal bva *queðia* heiman þaðan fra er sa fecc scaða. En ef honom *vard eigi mein* at *oc var* þo til stýrt. þa scal *queðia heimilis* bva þess er sóttr er. *Pat sagðe guðmündr lög* *at vettvangs bva ix.* scal *queðia* *vm aliótz ráð þav er* *a véttvangi ero raðen* *oc þar coma fram enn heimilis bva* ix. *vm aliótz ráð þav öll er eigi coma fram.* *oc scal queðia* ix. *heimilis bva til þess er red aliótz ráð.*

## 109. *vm brenor.*

*c) Pat er mælt.* ef maðr biðr man sara med ser at brena men ine eða fe manna *oc vardar þat fiorbavgs*

*a)* Viðaukinn er tekinn eptir Á. M., c. 75, bls. 117<sup>3</sup>.

*b)* = Á. M., c. 75, bls. 117<sup>14</sup>.

*c)* = Á. M., c. 88.

*garð. oc sva hveriom er heítr oc seal quedia heimilis bva ix. heiman hvers þeirra. Ef þeir coma aför oc<sup>1</sup> taca elld oc seal þa quedia þúðan bva er þeir toco elldin. En með ellde tecnom til breno þa falla þeir ohelgir oc varðar scog gang. En ef þeir brena menn ine eða fe manna oc varðar scog gang. oc seal bva quedia heiman fra brennostaðnom<sup>2</sup>.*

. . . . .

*a [109 a].*

[P]at er mælt ef scógar manna vig verþa at sva scal fara sem nu myn her talit. Þar er menn taka scógar man oc scolo þeir eigi lengra með han fara en avrdrag þúðan fra er þeir eigo at vega at honom. Peir scolo hræ hylia. þar er hvartki se akr ne eng oc eigi þar er vavtn þav se er til bœia falle oc lengra fra garðe manz en ordrag. Ef þeir hylia eigi hræ scógar manz oc varðar þeim þat iii. marca secð. En ef þeir vega þar at scógarmanne er fra er scilt. oc varðar þat iii. marca secð. oc a domr at döma þat at þeir féri scógar manni abrott a xiiii. nótton enom næstum. oc asa maðr save þa er land á. En þviat eino sekiaz þeir at með favr scógar manz

a) Eftir eyðuna ræðir um skógarmanna vig og virðist þar byrja í miðju efni; höfum vér því prentað hér upphafð á efni þessu eftir skinnbókinni i Árna-Magnúss. safni, Á. M., c. 109, 110, og byrjunina a c. 111. Fyrnefndu two kapitulanum nefnum vér, eftir kapitulanum hér næst áundan, 109a. og 109b. Fyrir hvorugum þeirra er nein fyrirsögn í skinnbókinni.

<sup>1)</sup> I fyrstu ritad með en síðan hefsl orð þetta verið strykad út, en oc ritad uppyfir.

<sup>2)</sup> Hér byrjar eyða sú, sem getið er um í formálanum. Orðunum fra brennstaðnom er bætt við eftir getgátu, samkvæmt Á. M.

þoat þeir fare lengra með hann en ordrag. ef þeir kasa hann i anars manz lande en þeir tóco hann. EN ef þeir vilia fóra scogar man til handa þeim er secþi hann. oc er þeim þat rétt. oc scolo þeir bundin fóra. oc bioþa lið sitt at fylgia þangat til sem hann vill at honom vega. Ef sa er secðe lætr undan ganga scogar maninn. oc vardar honom þat scog gang. oc eigo þeir menn söc þá er honom ferdø mannin enda er hann af bjorgum öllum við aðra menn um scogar manin. Ef sa maðr er secþi sendir scogar mann a hendr avðrom monnom eða bergr hann honom i nokoro. þa er hann af biorg allri við alla menn aðra enda vardar honom scog gang oc a hverr er vill at sekia hann um þat. at hann hafte borgit scogar manne þeim er hann secðe siálsr vísvitande oc lata varða scog gang oc telia hann af bjorgum öllum scogar manzens. oc telia ser sakirnar. Engi maðr sekz a því þoat mat gefi scogar manne þa er menn fóra hann hinom er secði. Þar er menn vega scogar man oc a sa giolld at taca er fyrstr com vápnom a hann. EN ef þeir elta hann a vápn eða a forod. oc eiga þeir þa allir iosnom hayndum giolldin. enda sva ef þeir fóra hinum er secðe. oc scolo þeir luta huerr þeirra heimta scal].

[109b].

[E]t scogar menn hlavpa i avðna hús eða i sel ubygð oc eigo menn þa at briota hvs þav ef vilia til þeirra eða brena ef þeir mega eigi sekia þá anan veg. Giallda scolo þeir hus hinom er átti sva sem bvar v. virða við bók. Ef scogar menn lavpa i hus þav fyrir monnom er syknir menn ero ine firir. þa eiga þeir er eptir sekia at beida hina sykno menn ut gongo. EN ef þeir vilia eigi ut ganga oc vardar þeim þat scog gang ef scógar monnom verðr biorg

at. Þoat maðr brioti hus til scogar manna oc verðr hus oheilagt oc sva syknir menn ef fyrr scogar monnom standa. En giallda seal þeim avvisla bötr sem bvar v. virða er hus átte ef þeir ganga eigi ut. Eigi seal brena það hus til scogar manna er eigi ero avðna hus. Ef scogar menn hafa iafnmikit lið eða meira sem hinir er inni ero með þeim oc na þeir eigi ut göngö fyrir scógar mönnom oc vardar þeim þa eigi við lavg inni vistin ef þeir fá þan biarg quid. at þeir mætti eigi ganga eða þerdi þeir eigi. Ef þrælar eða logsculdar menu vega scogar man þa eiga þeir menn giolldin at taca, er fe eigo at þeim monnom er vago scogar man].

## 110. 1

[Lysa scal maðr samdögris ef hann vegr scogar man oc segia til þess logfostum nianne. En ef hann segir eigi samdögris til. þa ma hann eigi heiinta giölld scogar manzens. En þviat eins scal þat mord vera scogar manz drepit ef quidr ber þat at hann villdi leyna því].

<sup>2</sup> (Bls. 74, a.) Rett er at vega scógar menn til syeno scogar monnom þeim er sættaz ætti á sacar þær er þeir yrði secir um aðrar en þiof sacir. Ef synen maðr vegr scogar man til syeno odrom scogar manne. Þa verðr sa scogar maðrin feriande þegar er ein scogar maðr er til syeno honom vegin. Nv vegr hann anan scogar man en til syeno honom þa verðr hin fiorbavgs maðr. En ef hann vegr in .iii. þa verðr hin alsyen. Slikt munar oc synna scogar manz þótt hann vegi sialfr afra scogar menn til syeno ser siálfom. Hvart sem vegr synen

<sup>1)</sup> Fyrirsögn í skinnb. í Á. M. safni: At lysa seogar manz vigi.

<sup>2)</sup> Hér byrjar málid eptir eyðuna (sbr. Á. M., c. 111, bis. 1591<sup>2</sup>). Orðunum Rett er at er hölt við eptir getgatu.

maðr til sycno scogar manne eða vegr hann siálfir til sycno ser. Nv sa þeirra sem vegr oc scal segia þat at hann vill sycno þess manz eða sina hafa fyrir scogar manz giolld oc segia v. bvom þa er þeir lysa vigino. Hann scal slica sycno segia vpp avalt sem þa er til vegit. Pat er mælt. at fleire menn mego vega til sycno einom scogar manne ef vilia. scal hverr þeirra lysa fyrir v. bvom at þeir vilia þeim manne til sycno vega. Enda er hann scogar maðr feriande er .i. er vegin. en fiorbavgs maðr ef ii. ero vegr. en alsyen er iii. ero vegr. En við þa menn eina er hann syn er spurt hafa þa sycno hans er til er vegit aðr lyst er at lögbergi enda scal segia et næsta sumar eptir til huerrar sycno honom er vegit<sup>1</sup>. Þar er þræll verdr scogar maðr<sup>2</sup> um víg drottins sins eða drottningar. þeir er taca hann scolo fera hann inan fiordungs til handa þeim manne er secte scogar man þan en sa scal hegva af scogar maninom hendr oc fötr oc láta lífa meðan vill. Ef sa er secþi vill eigi hegva af scogar manenom hendr oc fetr oc varðar honom fiorbavgs garð. en þa söc eigo þeir við hann er honom förðo. ef þeir vilia eigi. þa á sa soc er sökia vill til laga. Ef menn drepa scogar man þan til heliar inan fiordungs oc vilia eigi fera þeim er secþi ef þeir máttó hann sækia anan veg en vápnom oc varðar þeim fiorbavgs garð. En þa soc asá er secþi scogar maninn. Vtan fiordvngs menn eigo cost hvartz þeir vilia at meiða scogar manen þessa lund sem sa er secþi eða fera honom hann ellegar.<sup>3</sup>

<sup>1)</sup> Hér a eptir ritað aðr lyst er at lögbergi, en síðan hafa orð þessi verid strykud út.

<sup>2)</sup> Leidrëtting fyrir man, sem mun hafa misritatz vegna þess að ritarinn hefsl, að því er virðist, skrifad í fyrstu vegr i staðinn fyrir verdr næst fyrir framan.

<sup>3)</sup> Deplinum er við bætt.

(Bis. 74, b.) þeir ero scyldir at pinna *henn* til sagna oc hafa v. bva til ena næsto. þeim varðar fiorbavgs garð er pinna *hann* ef þeir segia eigi satt fra orðom hans eða leyna þeim. Sva et sama scal fara um sculldar menn þa er at lögum ero isculd tecnir oc er sagt til at lögbergi. Jöfn er sócn við þa sem ínan fiordungs menn. oc ef þeir gera eigi þeirra anat tvecia oc scal quedja ix. bva til a þingi. Eigi er manne scyllt at drepa *scogar* man þott *hann* hitte *hann* at mál ef *hann* teer *hann* eigi oc ræðr honom eigi biarg ráð nema *hann* hafe sectan. Sa maðr er vegit hefir *scogar* man scal lysa soc iþingbrecku eða at logbergi til *scogar* manz giallda mörc lög ávra ahönd goda þeim er *hann* er iþingi með oc samþingis godom hans. oc öllum þing monnom þeirra.<sup>1</sup> lysa til gialda oc til ut gongo. *hann* scal fa þa menn ii. er þat legi undir þegn scap sin at þeir voro kenendr at þeim *scogar* manne. oc sa maðr var þar vegin sem hin<sup>2</sup> segir. Ef *hann* hefir eigi sanaðar menn. þa scal *hann* quedja *heimilis* bva sina v. hvart sa væri þar vegin eða eigi. Domr a at döma mörc log avra ahönd þeim godonom oc iafn micit or þeirre mörc ahönd hueriom þeirra iii. oc þing monnom þeirra. oc scal döma eindaga a því fe fyrir budar durom hvers þeirra godana þa er eina nótt hafa menn verit a þingi. EN<sup>3</sup> godi sa er *hann* a eigi bud scal giallda fyrir budar dúrom samþingis goda sins. En godi scal heimta at þing monnom sinom oc scolo þeir lata fylgia þingfarar cavpi. Ef maðr vegr *scogar* man þeirra nockorn .iii.<sup>4</sup> er dyre ero oc scal *hann* lysa soc

<sup>1)</sup> Deplinum er við bætt.

<sup>2)</sup> Hér á eptir ritad var, en síðan hefur verið strykad undir orð þetta.

<sup>3)</sup> Í fyrstu ritad Ef.

<sup>4)</sup> Í skinnbókinni í Á. M. safni: iii., og stendur það einnig heima við c. 102 hér að ofan (= Á. M., c. 47).

þa at lögbergi ahond godom öllum alande her *oc þing monnom þeirra*. til *scogar manz giallda* iii. marca logavra. lysa til þess fiorðungs doms er *hann* er or fiorðungi siálfur en dømaz afe þat at gialda anat sumar dag þan imitt þing iböanda kirkio garðe. sva *scal* gogn öll til fóra sem til anara *scogar manz* gialda.

111.<sup>1</sup>

*"H*y vig ero þessi ef maðr vegr þræl eða ambött fyrir manne *oc varðar fiorðavgs* *garð*. en sva *scal* sœkia sem anat vig. fyrir þat utan. at (Bls. 75, a.) a þingi *scal quedia* bva. þott fleire menn se at vigi *hans* en i. Drotten ens vegna *scal* kiosa ein man þeirra til veganda er at voro þan er *hann* vill. Sœkiande a or fe *hans* ef *hann* verðr secr vm vigit giold þrælsens slic sem bvar *hans* v. sœkiandans meta þrælin við bóc at dome. Þar er sa *maðr* vegr þræl manz er þingheyiande er rettr fyrir bu þess manz er þrælin átte at sculldleícom oc secz *hann* eigi á en gialda a *hann* þrælin. þræll verðr o heilagr ef *hann* mælir við man full rétti eða gerir hálfréttu. Ef drottin þrælsins verðr við staddir er þrællin er vegin *oc* verðr oheilagr sa er þrælin vegr fyrir drottnenom oc fyrir þeim monnom er þingheyiendr mego vera fyrir bvhans a þeim vettvangi nema þrællin hafe ser gert til o hældi. A þeim vettvangi eigo menn at hefna þrælsens er *hann* er felldr en eigi lengr en sva. Ef þræll hleypr undir vápn manna fyrir drottin sin *oc varðar*<sup>2</sup> *scog*

a) = Á. M., c. 108.

1) í fyrstu linu kapitulans er autt rúm handa fyrirsögn.

2) Hér á eptir ritad honom eigi, en orð þessi síðan strykuð út aptur.

*gang* þa vig hans. ef *hann* fær bana af. Ef drottin vegr þræl sin oc *vardar* honom eigi þat við lög nema *hann* vegi *hann* a loghælgom tíðom eða um langa fosto þa *vardar* fiorbavgs *garð* oc *scal quedia* ix. bva til aþingi oc á godi sa soc er vegandan er iþingi med. Ef *hann* vill eigi þa a sá er sokia vill. Ecki *vardar* honom vig þrælsins nærgi er *hann* vegr *hann*. ef *hann* vegr *hann* um þær sacir er frials maðr felli oheilagr *fyrir* slicar sacir. Ef maðr drepr þræl manz ovænis hög oc aþar drottin vi. avra. en þrællin iii. avra. Nu ef *hann* ber þrælin lama barningo eða særir *hann* þa *scal* *hann* giallda verð þrælsens þeim er átte slikt sem bvar meta við bóc enda giallda vanhagin sem bvar virða ef þrællin<sup>1</sup> verðr at o maga af þeim bardaga. Ef þrælar manna liostaz *oc scal* sa gialda vi. avra<sup>2</sup> er lystr. drottninom. en iii. þrælinom. Ef *hann* a cost til þess enn ecki ella. Ef þrælar manna vegaz. *oc* a sa er þan þræl á er vegit hetir. hvarz *hann* vill at lata sokia þan (Bls. 75, b.) þrælin eða gialda en vegna þrælin ella sem bvar meta við bóc. Ef þrælarnir beriaz lama barning. þa *scolo* eigendr fe nyta báþir in heila þræl. oc báþir fram föra en lamþa. Rett á þræll meira um ein lut en frials maðr. þræll a vígt um kono sina þott hon se ambött. en eigi afrials maðr vigt um ambött þott hon se *hans* kona.

## 112. um man frelsi.

*"Sa maðr er frelse gefr manne at hann scal born hans fram föra, iafnt er þat sem um arf. Pat er um*

a) = Á. M., Festa-þ., c. 43.

<sup>1)</sup> Leidretting fyrir þrælin.

<sup>2)</sup> Getgáta, samkvæmt Á. M., f. gialda þrælin.

þræla at sa *maðr scal* þa fram fóra er fe a at þeim. Eigi verðr *hann* fyr frials en *hann* hefir goldit hælminginn verðz sins eða meira. þa er manne frelse gefit at fullo er *hann* er ilög leiddr. *Hann scal* i lög leiða goda sa er *hann* er íþingi með. *Hann scal* taca *cross* ihönd ser. oc nefna vatta. Jþat vætte. at *hann* vinnr eið at *crossi* lög eið. oc segi ec þat gvdæ. at *hann* myn hallda lögum sem sa *maðr* er vel heldr. oc *hann* vill þa vera ilögum með oðrom monnom. þeim se goð gramt er því nitir nema se *sino* bete. Eigi þarf sa *maðr* þan eið at vina er honom var ungom frelsi gefit. Hálfan rétt scal *hann* taca er *hann* kemr a iarls iord. en þa allan oc fullan er *hann* kemr a konungs iord. Peining scal *hann* gefa goda þeim er *hann* leiþir ilög. þat scal hin tiunde lutr eyris. þeim þræli scal *hann* frelsi gefa er *hann* hevir fulla verð avra fyrir fundit. Nv gefr *hann* þeim frelse er *hann* hevir eigi fullo verðe keyptan. oc rædr *hann* ser þan omaga a hönd enn eigi frændom sinom Rétt er at *maðr* caþpe til carnaþar ser ambót xii. avrom fyrir lof fram. Ef þræli er gefit frelse oc er *hann* eigi leiddr ilög eþa ibrecco þa scal *hann* hvarke taka frials manz rétt ne þræls. enda heitir *hann* þa gref leysingr.  
 \* Ef fe viðr ase þa scal þar avalt halfan scaða bota sva sem bvar v. virða.

---

a) — Á. M., Vígl., c. 79, bls. 1231<sup>8</sup>.

bavga tal.

113.

(Bls. 76, a.) **F**iorir ero lavgbávgar<sup>1</sup>. Ein er þimerkingr. **A**nar tuitog avre. **P**riði tuimerkingr. **F**iorðe tolf eyringr. **H**ofuð bavge fylgia vi. avrar bavgþac. oc þueite viii. ens fimitatigar. **T**uitog aura fylgia half morc<sup>2</sup> bavgþac oc þueite ii. ens siorða tegar. **T**uimerkingi fylgia iii. avrar bavgþac. oc þueite .xxiiii. **T**olf eyringi fylgia ii. aurar<sup>2</sup> bavgþac oc þueite xvi. **A**t enom mesta bavgæ ero iii. menn bæðe bavgbetendr oc bavgbígiendr faðir. oc sonr. oc bróþir. **A**t xx. avra ero iii. menn bæðe bavgbetendr oc bavgbígiendr fodor faðir. oc sonar sonr. moþor faðir. oc dottor sonr. **A**t tuimerkingi ero en iiii. menn bæðe bavgbetendr<sup>3</sup> oc bavgbígiendr. fodor broþir oc broþor sonr. moþor broþir. oc systor sonr. **T**olf eyring scolo taca breðrungar. oc systkina sénir. oc systrungar. oc sva giallda. þar ero bavgar farnir. **P**ein menn er enom vegna manne ero firnare en breðrungar eða systkina sénir eða systrungar scolo taca morc af iafn nanom frændom veg-

a) = Á. M., Vígl., c. 114 (fannst ekki á skinnb. í Árna-Magnúss. safni).

<sup>1)</sup> Deplinum er við bælt.

<sup>2)</sup> Ordin ii. aurar eru rituð tvisvar, en stryknuð út á seinni staðnum.

<sup>3)</sup> Upp yfir æ i ordi þessu hefr verið rituð ù eða o, líklega með yngri hendi.

andans. Næsta brøðrar vegandans *scolo bæta* næsta brøðrom<sup>1</sup> ens vegna ørtog ens vi. eyris. Peir menn er ero manne firnare veganda en næsta brøþra *scolo gialda* halfan fiorða eyre. *iafn* nánom frændom ens vegna. Anara brøðra ens vegna *scolo taca* ørtog ens iii.<sup>a</sup> eyris af anara brøðrom veganda. Peir menn er ero manne firnare veganda en sva. *scolo bæta* hálfom avðrom eyre *iafn* nánom frændom ens vegna. Priðia brøðra ens vegna *scolo taca* i. eyri af priðia brøðrom veganda. þar fellr sac tala. En þær ero allar lyrit næmar sacir er eyris bót kömr til eða meire. Ef o hælgir menn ero vegr *oc* um telrat þar til sac bóta. Nu hafa (Bls. 76, b.) fleire menn at vigi verit en einn. þa *scal* sökiande kiosa man til veganda at domi eða at sött fyrir sættar monnom. þan er hann vill þeirra manna er at vigi voro *oc* scal hann íþess átt telia tit sac bota. En ef hann ger eigi kiosa man til *oc* um telral þá til sac bóta. Ef vig sacar aðile sættiz a víg *fyrir* alþingis lof fram. þa a hann ecci at hafa at niðgiolldom við aðra frændr. þvíat eins *scal* vigsacar aðili bavg taca ef hann a eigi vigs betr at taca. *oc* sva ef hann tecr eigi fe til meire syno vegandanom en sa se fiorbavgs maðr þa á hann at hafa bavgbót. Aðilin ræðr sic af bavg bótum. ef hann færir vigsöcena miðr til laga eða til mini sáttar en þa mundi hann. ef hann scyldi feet hafa *oc* berr þat quiðr. Ef yngri maðr vegr man en .xii. vetr gamall enda verðe engi anar maðr. saðr at raðom. þa á aðilin ein öll niðgioldin. Ef vig<sup>2</sup> verðr olyst eða ranglyst *oc* er þo íofn heímting til sac bóta *oc* sva þot vig sokin verðe onýt ef engar metaz ohælgis varnir. Nu verðr vegande

<sup>1)</sup> Hér á eptir ritað vegan, en strykað síðan út aptur.

<sup>2)</sup> Ritað tvisvar.

secr eða drepin oc er þo slíc heimting þa til niðgiallda sem aðr. **B**avgar allir scolo uppi vera huegi margir er bætendr ero eða huegi er margir við takendr ero. *oc scal engi maðr meirom bavgom böta en taca.* Enn mesta bavg scal taca fadir. *oc sonr. oc broþir ens vegna manz* *oc taca af föðor oc sene. oc broþor veganda. oc scal* more taca hvar þeirra or bavginom *oc ii.* avra þaes *oc þveite .xvi.* enda scal sva huerr hinna gialda. ef þeir ero allir til huarirtuegio. Nu er ein sonr ens vegna manz en brøþr margir. *oc scolo brøðr þo eina more taca. oc i. senir þott þeir se margir. en broþir .i. enda scolo* veganda frændr sva scipta gialdeno med ser þótt eigi se iafn margir brøðr sem senir. Ef bæðe lifir samfedri bróþir *oc anar sammøþri broðir* ens vegna þa scal sammöðri broþir taca or morkine .ii. (Bls. 78, a.<sup>1</sup>) lute en samfedre<sup>2</sup> iii. enda scal hann ein hafa þak *oc þveite. faþir seal* taca ii.<sup>a</sup> lute bavgs ef eigi er sonr til. *oc sonr .ii.* lute ef eigi er faþir til. Nv lifir i. scap biggiande at hofud bavge hvergi þeirra er er *oc scal hann fullan bavg* taca med þake *oc þveitum.* Nu lifir hvárki ens vegna manz fadir ne sonr *oc lifa þo brøðr bæðe samfeðra* *oc sammøðra. sumir. þa scolo sammøðra brøðr taca ii.* lute bavgs en samfeðra brøðr iii. lute enda scolo þeir hafa þac *oc þreiten öll.* Nu lifir fadir eða sonr *oc* sa ein broþir er sammöðri er. þa scal hann taca af bavginom fullan broþor luta sva sem hann se samfedri ef anar ein er þeirra til. En ef bæðe er til fadir *oc sonr* *oc* sa<sup>3</sup> .i. broðir er sammöðri er. þa scal broðir taca af bavgenom hálftom vegnom peningi miðr en halfan .vi. eyri *oc einn*

<sup>1)</sup> Ætti að réttu lagi að vera bls. 77, a., o. s. frv.

<sup>2)</sup> Leiðréttung fyrir sammøðre.

<sup>3)</sup> í skinnbokinu: *oc a sa.*

eyri þacs oc þveite viii. Nu er engi scappiciande til at havfuð bavge nema broðir sammæþri. þa scal hann taca bavgin fullan *oc* þac. en<sup>1</sup> engi þveiten. En ef eigi ero scapbætendr til havfuð bavgs. þa scolo viðtakendr allir iafnt missa af iofno<sup>2</sup> fe. sva a valt sem þeir ero til talþir. ANAR bavgr er tuitög ávre en þan bavg scal taca *fodor fáþir. oc sonar sonr. modor faðir. oc dottor sonr* ens vegna. *oc* taca af iiiii. monnom þeim er iafn nanir ero veganda. þan bavg scal v. deila með þeim *oc* scal *fodor faðir* *oc* *sonar sonr* hafa iii. lute bavgs oc þoken oc þveiten öll. en *modor faðir* *oc* *dottor sonr* ii. lute. Nu ef anar ein er til *fodor faðir* eða *sonar sonr*. en hinir háþir. *oc* sva þótt anar ein se þeirra til *modor faðir* eða *dottor sonr* en þesir báþir þa scal þo sva bavgenom til scipta sem aðr var um tínt enda heita þat bavgilde er þeir menn taca er karlsift ero comnir. En þat heita nef gilde er þeir menn taca er kuensift ero comnir. þótt allmargir se sonar synir eða dóttor synir oc takat þeir þa meira lut bavgsens enn aðr. *oc* sva þar er aðrir bavgþiciendr ero þa scal iafnt hverfa í alla kneruna. (Bls. 78, b.) þott i. maðr se or öðrom kne runi en or öðrom all margir ef þeir ero hvarirtvegio or nef gilde eða hvarir tuegio or bavgilde. Nu ero engir scappiciendr at .xx. avra nema *fodor faðir. eða sonar sonr* *oc* *scal hann fullan bavg taca. með þake* *oc* *þveitom.* En ef engir ero til nema *modor faðir* eða *dottor sonr* þa scolo þeir þo taca fullan bavg<sup>3</sup> *oc* þacþan en engi þveite. Tui merking ens vegna *fodor broðir* *oc* *broþor sonr. modor broðir* *oc* *systor sonr* scolo taca af þeim monnom

1) Á. M. bætir við eigi.

2) Ritad iofnom.

3) Sleppt úr í Á. M.

iii. er *iafn nánir* ero veganda *oc scal modor broðir* oc *systor sonr* hafa ii. lute *bavgs.* enn *fodor broðir* oc *broðor sonr* iii. lute. enda *scolo þeir* hafa þac *oc þueite.* Nv ef *fodor broðir* eþa *broðor sonr* er<sup>1</sup> til *bavgs* einn. þa *scal hann* þo *bavg* taca fullan med þake oc þveitom. EN ef *modor broðir* eda *systor sonr* er ein til *bavgs.* þa *scal hann* þo fullan *bavg* taca oc þactan enn þveite engi. At þvi hofe *scal þeim bavg* scipta inesgilde sem xx.<sup>tog</sup> avra. Tólf eyring *scolo* taca breðrungar oc systkina senir. *oc systrungar* ens vegna. *oc* taca af þeim monnom öllum er *iafn nánir* ero veganda<sup>2</sup>. þan *bavg* *scal* en v. deila med þeim *oc* *scolo* breðrungar taca<sup>3</sup> iii. lute *bavgs* *oc* þac *oc* þveite. EN *systrungar* *oc* *systkina synir* ii. lute *bavgs.*<sup>3</sup> þott ein se breðrungr en all margir *systrungar.* eda *systkina synir* þa *scal hann* þo taca allan breðrungs lut. Nu er *systrungr* ein en all margir breðrungar *oc* *scal hann* hafa allan *systrunga* lut. Jafn micit *scolo* *systkina synir* taca af þvi nefgilde sem *systrvngar*<sup>4</sup>. EN ef engi er til nema breðrungr i. *oc* *scal hann* þo taca *bavg* fullan med þake *oc* þveitom. Nu er engi þeirra til at nema *systrungr* i. þa *scal hann* þo taca *bavg* fullan *oc* þac med *oc* þveiten engi. Nv ero engir scapþigiendr til at þimerkingi en scapþetendr se til. þa *scal fodor fadir* *oc* *sonar sonr.* *modor fadir* *oc* *dottor sonr* taca höfuð *bavg* scerðan hálfri mörc *oc* *scal þeim bavg* sva scipta inesgilde sem xx.<sup>tog</sup> ávra. Sin *bavg* *scolo þeir* taca med þake *oc* þveitom. en aldregi (Bls. 79, a.) *scal skerþom bavge þac fylgia.* ne þveite. Nv ero engir til nanare *bavg-*

<sup>1)</sup> Við bætt.

<sup>2)</sup> Í skinnb.: *iafn nánir* ero vega *oc* ta, en síðstu 4 staðrnir hafa verið strykadír út aptur.

<sup>3)</sup> Deplinum er við bætt.

<sup>4)</sup> Leidréttung fyrir *systrvngom.*

piciendr en *fodor broðir* oc *broðor sonr* oc *systor sonr* þa scolo þeir taca iii. bavga<sup>1</sup>. Sin bavg scolo þeir taca með þveitom fullan oc þacþan. en höfuð bavg skerþan mörc en xx.<sup>tog</sup> avra scerðan hálfire morc. þa ero allir bavgar tuimerkingar. þviat eins scolo þeir sva taca ef nockorir ero scapbetrindr at hveriom bavge. enda scolo þeir iafn taca þott nefgildingar einir se til. tokonar. eða sva til gialzens. En ef engir lifa ibavggillde ens vegna nema bröðrunar eða systrungar eða systkina *synir* en scapbetrindr se til iöllum stöðum þa scolo þeir taca iiiii. bavga. Sin bavg scolo þeir taca fullan oc þac með *oc* þveite. þeir scolo *oc* taca hofuð bavg scerðan hálfo. þa verðr þar enn meste bavgr at minzta bavge. þeir scolo en taca xii. avra at *fodor* *fodor bavge* xii. avra. at *broðor sonar bavge*. Þa er xx.<sup>tog</sup> avre scerþr morc. en tuimerkingr hálfire mörc. Engom bavge *scal þac* ne þveite fylgia nema bröðrunga bavge. þa bavga alla *scal v. deila* *oc* *scolo iii. lutir* huerfa undir bröðrunga en ii. lutir inefgillde. Nu er systrungr<sup>2</sup> i. til en engir bröðrunar *oc scal hann* þo taca alla bavga. Ef engir lifa bavgbiciendr nema *faðir* *eþa sonr* *eþa broðir*. en allir se til veganda frændr þeir er bavgom scolo bæta. En þa er sem allir se til ef nokorir ero scap betindr at hveriom bavge *oc scal* þa *faðir* *oc sonr* *oc broðir* taca alla bavga fulla hvart sem þeir ero allir til eða ein þeirra. þeir scolo sva scipta oðrom bavgom með ser sem sinom bavge. *oc scal* hofuð bavge .i. þac *oc*<sup>3</sup> þveite fylgia. Nu er bröðrungr ein til en engvir systrungar ne systkina *synir* þa *scal hann* þo taca alla bavga sem aðr. Nu lifa engir

1) Leiðréttung fyrir bavg.

2) Ritarinn hefur í fyrstu skrifad bröðrungr.

3) Getgáta fyrir ne.

menn ibavgildi ens davþa nema fodor faðir eþa sonar sonr. modor faðir eþa dottor sonr. En allir lifa i bavgilde veganda. þa scolo þeir hvart sem þeir ero allir til eþa .i. taca alla bavga fulla nema höfuð bavg .i. hann scal fella halfri mörc. engom bavge scal þae ne þveite fylgia nema xx.<sup>tog</sup> avra. Nu lifa engir ibavg (Bls. 79, b.) gillde ens vegna nema fodor broþir eða broðor sonr. modor broðir eða systor sonr. En bætendr ero til i öllum stöðum. þa scolo þeir taca alla bavga. hvart sem þeir ero allir til eða sumir. hofuð bavg scolo þeir taca scerþan mörc en xx. ávra hafa hálfri mörc. Sin bavg scolo þeir fullan taca oc sva bræðrunga bavg. Engom bavge scal þac ne þveite fylgia nema tui merkingi. En ef engir ero nánare bavgbíciindr til en bræðrungar. þa scal fara sem fyr var um tínt. Nu ero viðtakendr til at hofuð-bavge oc at tuimerkingi en engir at xx.<sup>tog</sup> avra. þa scal hann hverfa með mesta bavge ef bætendr ero til. En ef sa bavgr er nockor er hvarke se til scapbætendr ne scapbíciindr oc fellr sa bavgr þa niðr. Frændr veganda ero bavgs scapbætendr. oc sva at hueriom bavge sem þeir ero til talþir. Bavg gilldis menn veganda scolo þeim mun meira lut reiða bavgs hvers helldr en nef gilldis menn. sem þeir taca meira lut. er bavg gilldis menn ero ens davða heldr enn nef gilldis menn. Oc sva scolo þeir því gialde öllu scipta með ser er frændr ero veganda hvart sem þeir ero til bavgs hvers fleire eða fær. oc slicoð lut halda up at öllum reizlom. þott nef gilldingar einir se scapbætendr ens vegna. Frændr scolo scipta viðtökoni með ser i öllum stöðum. Nv ero engir scapbætendr til hofuð bavgs en við takendr ero til. þa scal vegande beta hofuð bavge fullom með þake oc þveitom. ef hann er sýn oc samlendr. enda scalat hann fleirom bavgom beta.

EN ef hann er eigi til. þa scolo þeir bæta bavgom ii. er talþir ero til xx.<sup>tog</sup> avra sinom bavge fullom oc hofuðbavge scerðom<sup>1</sup> hálfri mörc. Nu ero engir nánare bætendr en fodor broðir oc broþor sonr. modor broðir oc systor sonr. þa scolo þeir bæta bavgom iii. Sinom bavge fullom oc ii. mörcum at þimerkingi *oc* ii. mörcum at xx.<sup>tog</sup> avra. (Bls. 80, a.) ef viðtakendr ero til. Ef engir ero nanare havgbætendr en bræðrungar þa scolo þeir bæta bavgom iii. ef viðtakendr ero til oc xii. avrom at hveriom bavgi. Engom bavge scal þac fylgia ne þveite nema bræðrunga bavge. Nu lifa engir ibavg gillde nema fadír oc sonr oc broðir. þa scolo þeir bæta bavgom öllum fullom ef viðtakendr ero til *oc* scal höfuð bavg ein þekia. EN ef engir ero betendr til nema fodor fadír oc sonar sonr. modor fadír oc dottor sonr. þa scolo þeir bæta bavgom iii. hofuð bavge scal bæta scerðom halfri morc enn iii. fullom *oc* þekia xx.<sup>tog</sup> avra ein ef viðtakendr ero til allra. Nu ero engir bætendr til nema fodor broðir oc broþor sonr. modor broðir *oc* systor sonr en allir lifa i bavg gillde ens vegna. þa scolo þeir böta bavgom .iii. þeir scolo bæta ii. morcom at hofuð bavge oc ii. morecom at xx. aura en fullom sinom bavge. oc þekia þan ein. en xii. avra at minzta bavge. Nu lifa bætendr at mesta bavge oc minzta. en viðtakendr ero eigi til iöllum stöðum. þa scal fadír oc sonr oc broðir bæta bavgom iii. fullom.<sup>2</sup> höfuð bavge einom scal þac oc þveite fylgia. Nu er engi þeirra til nema broðir sammœðre. oc scal hann þa iafnt allre bót uphalda nema þueitom. Su er oc kona ein er bæðe scal bavge beta *oc* bavg taca ef hon er einberne en su kona.

<sup>1)</sup> Geigáta í stað þessara orða í skinnbókinni: er talþir ero til xx.<sup>tog</sup> avra *oc* sinom bavge scerðom.

<sup>2)</sup> Deplinum er við bætt.

heitir *bavgrygr*. EN hon er dottir ens davða enda se eigi scappiðiande til höfuð *bavgs* en bætendr life þa scal hon taca þrímerking sem *sonr*. ef hon toc eigi full sætte at vigs bótum til þess er hon er gipt. enda scolo frændr a lengr taca. Nu er hon dóttir. veganda en engi er scapbætande til höfuð *bavgs* en viðtakendr se til. þa scal hon bæta þrímerkingi sem *sonr* til þess er hon kömr ivers (Bls. 80, b.) huilo en þa kastar hon giolldom i kne frændom. Peir menn ero oc .v. er sac avkar heita.<sup>1</sup> i. er *sonr* þy borin eða lavngetin.<sup>2</sup> ii. er stiup *sonr*. enda ná magar .iii. Ef maðr a móðor ens vegna eða dóttor eða systor. þeir scolo taca allir saman xii. avra oc v. penninga vegna oc taca sva hvart sem er ein þeirra eða allir. oc iafn mikin lut huerr þeirra við anan oc taca af þeim monnom v. er iafn tengþir ero veganda oc iafn mielo scolo þeir þa bæta þott i. þeirra se til gialldzens sem allir. EN ef þeir ero engir til aðrir tuegio þa fellr su sac bót niðr. EN ef þeir menn ero engir til sac bóta er manne se firnare en breðrungar enom vegna. þa scolo næsta breðrungar<sup>3</sup> taca þeirra lut oc þriþungi mina enn hinir. en sin lut allan. Nu hvargi þess eptir *bavga* er engvir ero til at taca sæ bót. þa scolo enir scyldri a vallt þeir er næstir ero hinom taca fullan þeirra lut. EN ef þeir ero eigi til. þa scolo enir firnare oc taca hina lut þriþunge scerðan at sins föðor bótum ef bætendr ero til. Ef scapbætendr nokorir ero<sup>4</sup> eigi til eptir *bavga*. þa scolo enir scyldri böta allri bót. Nv ero engir enir scyldri. þa scolo enir firnari reiða þeirra betr er eigi voro til þriþunge scerþan at

<sup>1</sup> og <sup>2</sup>) Deplunum er við bætt.

<sup>3</sup>) Ritarinn virðist í fyrstu hafa skrifsað breðrar, en breytt því síðan þannig.

<sup>4</sup>) Við bætt.

sins fodor bótum. En niðr fellr su bót er hvergi ero til.<sup>1</sup> Iafnt scolo betr allar huerfa i alla kneruva þær er eptir bavga ero. Ef leysingr er vegin þa scolo .xii. avrar at mesta bavge en ii. avrar at bavg þake. En at avðrom bavge x. avrar oc iii. örtogar at bavgpáce. En at iii.<sup>a</sup> bavge morc *oc* eyrir at bavgpáke. En at minzta bavge vi. avrar en ii. örtogar at bavgpáke. Præl bavgar scolo þar vera er þrælar ero scap þigiendr. Nv scal ina minzto bavga segia er þræll scal þræli bæta. þar ero þveite .xxiii. at hofud bavge. en vii. þveite at bavgpáce. En at föðor foðor bavge (Bls. 81, a.) xx. þveite oc iii.<sup>2</sup> at bavg þake. At foðor broðor bavge xv. þveite oc iii. at bavgpáke. At broðrunga bavge scolo xii. þveite oc ii. at bavgpáke. Par scolo oc vera at sachbótum eptir bavga viii. þveite. oc þriþiungr ens v.<sup>a</sup> þveites. oc halft ivi.<sup>a</sup> þveite. oc þriþiungr ens iii.<sup>a</sup> þveites oc hálft anat þveite. Eitt þveite scolo taca þriþia brøðra *oc* sva gíalda enda verþr su sac bót minzt. þar at eins scolo þrælar bæta er þeir hafa orkost til er bæta scolo. Þeir menn ero en ivi. er náir ero kallaþir þott lisi. Ef maðr er hengðr eða kyrçþr eða settr i grof. eþa i sker. eða heptr afialle. eða iflœdar mále. Par heitir gálg nár. oc graf nár. oc sker nár oc fiall nár. Pa menn alla scal iafnt aptr giallda niðgiolldom sem þeir se vegnir þott þeir lisi. Sua er mælt at þat summar scal niðgialda heimling up hesia er vigsökin er sett eða sótt eða hana scyldi sekja. oc er þa rétt at<sup>3</sup> lysa þegar til sócnar ahendr þeim monnom öllum er spurt hafa vigit. Sekiande scal at domi telia frændsemi með þeim er sottr er *oc* veganda *oc* med ser *oc* enom vegna.

<sup>1)</sup> Deplinum er við bætt.

<sup>2)</sup> Líklega misritað og eins er, ef til vill, um summar aðrar af tölum þeim, sem hér eru til ferdar.

<sup>3)</sup> Hér a eptir ritað sekja hana, en strykad síðan út aptur.

*Síþan scal hann nefna vatta.* at því vætte. *scal, hann* quæða at ec leg þat undir þegnscap min at su er frændsemis tala sön oc rétt með oss hvaromtuegiom. er nv er talit. en þær sacir með ocr. N. N. *Hann scal* oc hafa sanaðar menn ii.<sup>a</sup> þa er þat legi undir þegnscap sin at þeir hygi þa frændsemis tolo rétta. en fer vm þav mal at aðro sem vm onor se víte. **E**t er oc at stefna heiman til sac bóta. **E**n ef sa telr anan iafn scyldan eða scyldra er sottr er. þa scal hann telia þa frændsemi fyrir sökianda oc vina eið at. enda scal þa döma slict a hond hveriom þeirra sem lög ber til. enda scolo trygðir (Bls. 81, b.) coma huervetna at mote sac bótum. eigi verðr ella heimting til þeirra. Ef lyrit næmar sacar ero með monnom obettar. þa scal frænde veganda huergi deila samvisto við ens vegna frænda. nema því at eins ef hann hesir þar vist aðr eða gisting sva tekit at hann vissi eigi hins i þat sin þangat ván. **E**n ef sa gerir eigi sva þa á hin cost at veria honom lyrite samvistona. **E**n ef hann fer eigi abrott þa varðar honom fiorbavgs card oc scal þeirre soc stefna heiman oc quæðia til heimilis bva ix. a þingi þess er sottr er at bera vm þat hvart hann hafða samvisto við hin síþan er lyrite var varet eða eigi oc scal þo<sup>1</sup> sana frændsemi sem aðr var tínt. **E**f maðr ryfr trygðir þar er bött er sac bótum þa eycz þar rettr hvers manz hálfo. við þan þeirra er bætto. enda scal a þav mál engi sættaz fyrir lof fram. **E**f menn ero eigi fulltiða eða af landi farnir þeir er bötr eigo at taca. þa scolo þeir heimta sit at þeim er þeirra lut tóco. **E**n ef þa var scerðom bótum bött oc scolo veganda frændr þat giallda er afurðe. Nu voro veganda frændr eigi fulltiða eða voro

<sup>1)</sup> Á. M., sjálf sagt misprentað, þa.

*þeir* erlendis þa er *bavgom* var bött þa scolo *þeir* gialda *þat* er til *þeirra* com. þa er *þeir* ero full tida. eða coma ut oe scipta sva til sem nv var tint. *Þat* er silfr sac gilldt ibavgom oc sva íþavecom oc þveitum. er eigi se yerra heldr en var logsilfr et forna *þat* er x. penningar gera eyri *oc* meire se silfrs litr á en messingar *oc* þole scor *oc* se iafnt utan sem inan. Enda er rett at giallda *þat* i lög avrom öllum.

#### 114. Griða mál.

<sup>2</sup> Allir vito atburði um missætti *þeirra* N. N. oc N. N. en nu ero vinir *þeirra* við comnir oc vilia þa sætta. Nu selr N. N. N. N. grið til sattar stefno *þeirrar* er *þeir* hafa a queþit firir (Bls. 82, a.) sic *oc* sin erfingia oc alla þa menn er hann agriðom fyrir at selia<sup>1</sup>. En N. N. tecr grið af N. N. ser til handa oc sinom erfingiom ec öllum þeim monnom er hann þarf grið til handa at taca. En nu er guð sialfr *þeirra* fyrstr er baztr er oc allir hælgir menn *oc* allr heilagr domr. Pavar at rome oc patriarche<sup>2</sup>. konvngríðar vár oc byscopar orir oc bóklærðir menn allir. *oc* allt cristit folc. Ec nefni<sup>3</sup> xii. menn igrið þessi a millum *þeirra* N. N. oc N. N. er nu standa tueim megin at málom oc scal nefna þa xii. menn.

<sup>4</sup> Síðan scal sa maðr er fyrir griðom mælir nefna vatta ii.<sup>a</sup> eþa fleire at því vætte. at þessi grið er nv ero

a) = Á. M., Vígsl. c. 112.

<sup>1</sup>) Skinnb. i Árna-Magnúss. safni hefur halda.

<sup>2</sup>) Leiðréttung fyrir patriarche.

<sup>3</sup>) Ritad nēfni.

<sup>4</sup>) Hér er i enda linunnar autt bil handa fyrisögn.

nefnd scolo vera full *oc* favst allra manna a mille þeirra er her coma i mannsöfnoð þena. oc meðan menn ero her lengst amansundi þessom. oc huerr *maðr* kömr heim til sins heima. oc þott optar verðe fundir lagðir til mala þeirra. þa scolo þo griþ halda til þess er sva er málom þeirra lokit sem þav mego bezt lucaz. Nu heldr iord gridom upp en himinn varðar fyrir ofan. en hafit ravða fyrir vtan er ligr um lönd öll þav er ver hofom tiðende af. En a mille þessa ende marca er nu hefi ec her talt fyrir monnom. þrisiz sa *maðr* huergi er þessi grid. rýfr er ec hefi her nefnd. *oc* bindi hann ser sua höfga byrð at han comiz aldregi undan. en þat er guð drottens gremi *oc* gridbitz nafn. En þeir menn allir hafe guðs miscun er<sup>1</sup> gridom halda vel *oc* allra heilagra arnaðar orð til allrar þurptar sinar við almatkan guð. se guð hollr þeim er heldr gridom. en gramr þeim er grid rýfr hollr þeim er helldr. hafit heilir grid sellzc.

(Bls. 82, b.) **Pat** ero forn lög a lande óro ef *maðr* verðr secr um grida rof at þeir menn xii. er igrid ero nefndir eigo at taca rett ór fe hans viii. aura ens simtategar. En þat ero log inoregi oc alla dansca tungo ef *maðr* þyrmir eigi gridom at sa *maðr* er utlagr fyrir endi langan noreg fram. *oc* fer bæði londom sinom *oc* lavsa fe. *oc* scal aldregi iland coma síþan.

### 115. trygða mal.

**“**Sacar voro a mille þeirra N. N. oc N. N. en nu ero þær settar oc fe bettar sem metendr máto *oc* teliindr tolðo

a) = Á. M., c. 113, bls. 169<sup>24</sup>.

<sup>1)</sup> Leiðréttung fyrir *oc*, samkvæmt Á. M.

*oc domr dömþi. oc þiciendr þágo oc þaðan báro með se fullo. oc fram komnom eyre þeim i hond sellt<sup>1</sup> er hafa scyldde. Þit scolot vera menn sattir *oc samværir* at öldri oc at átte. aþingi oc aþioðstefno at kirkna sócn *oc ikonvngs* húse. oc huervetna þess er manna fundir verða þa scolot þit sva samsáttir sem aldregi hófiz þetta yckar a meðal. Þit scolot deíla kníf *oc* kiotstycke. oc alla lute yckar imille sem frændr en *eigi* sem<sup>2</sup> fiandr. Ef sacar geraz síþan amille þeirra anat en *þat* er vel er. *Þat seal* fe bæta en *eigi* fleín rióða. En sa yckar er gengr a gørvær sáttir *edá* vegr aveittar trygðir. þa *scal* hann sva viða vargr rækr *oc* rekin sem *menn* viðazt varga reka. cristnir menn kirkior sekia. heiðnir menn hof blóta. elldr upp brenr. iord grør. mögr moðor callar. *oc* mōpir mög föðir. alldir ellda kynda. scip scriðr. scildir blícia. sol scín snæ legr. fiðr scriðr fura vex. valr flygr várlangan dag. stendr honom byr bein vndir báða vængi. himin huerfr heimr er bygðr. vindr þytr. vötn til sævar falla. karlar korne sá. *hann scal* firaz kirkior *oc* cristna menn. Guðs hus *oc* guma. heim huern nema hælvite. Nu haldit þit báþir abóc inni (Bls. 83, a.) enda ligr nu fe aboc er N. N. betir fyrir sic *oc* sin erfingia alin oc o borin<sup>3</sup>. getin *oc* ogetin<sup>4</sup>. nefndan *oc* onefndan. N. N. teer trygðir en N. N. veitir ævintrygðir þar æ scolo halldaz meðan molld er *oc* menn lifa. Nu ero þeir N. N. *oc* N. N. sattir *oc* sammala hvar sem þeir hittaz alande eþa lege. scipi *edá* ascide. ihafe *edá* a hestz bake arar miðla eþa avstscoto. þopto *edá**

<sup>1)</sup> I fyrstu ritad selld, en síðan hefur verið gjört úr því sellt.

<sup>2)</sup> Ritad ofan linu, ef til vill, með yngri hendi.

<sup>3)</sup> Ritarina hefur i fyrstu skrifð alin, en síðan strýkað undir al og ritad bor uppyfir.

<sup>4)</sup> Leidréttung fyrir getin.

þilio ef þarfar gervaz. iafn sástr hvan við annan sem  
faþir við son. eða sonr við fodor isamförum öllum. Nu  
legia þeir hendr sinar saman. N. n. oc n. n. halldit væl  
trygðir at vilia cristz oc allra manna þeirra er nu heyrðo  
trygða mal. hafe sa hylle guðs er helldr trygðir. en sa  
reiðe er ryfr rettar trygbir. en hylle sa er helldr. hafit  
hæilir sáz. en ver sém váttar er við erom staddir.

## lög sögo manz þátr.

116.

**S**va er en<sup>1</sup> mælt at sa maðr scal vera nockor auallt a lande óro er scyldr se til þess at segia log monnom. oc heitir sa lögsogo maðr. En ef lögsogo manz missir við. þa scal or þeim fiorðungi taca man til at segia þing scop upp et næsta sumar er hanun hafði síðarst heimili í. Menn scolo þa taca ser lögsogo man oc sysla þat fosto dag huerr vera scal aðr sacir se lystar. Þat er oc væl ef allir menn verða sattir a ein man. En ef logréttó maðr nokor stendr við því. er flestir vilia oc scal þa luta ihuern fiorðung log saga scal huerfa. En<sup>2</sup> þeir fiorðungs menn er þa hefir lutr ihag borit scolo taca lögsogo man þan sem þeir verða sattir á. hvart sem sa er or þeirra fiorþungi eða or avðrom fiorðunge nokorvm þeirra manna er þeir mego þat geta at. Nu verþa fiorðungs menn eigi asáttir. oc scal þa afl raða með þeim. (Bls. 83, b.) En ef þeir ero iafn margin er lögréttó seto eigo er sin logsogo man vilia huarir. þa scolo þeir raða er byscop sa fellr<sup>3</sup> ifullting með er iþeim fiorþungi er. Nu ero lögréttó menn nökörir þeir er nita því er aðrir vilia.

a) = Á. M., Lögsögumannz þatr (flaðst ekki á skinnb. í Árna-Magnúss. safni).

<sup>1)</sup> Pessu orði er sleppt úr í Á. M.

<sup>2)</sup> í fyrstu ritad Ef.

<sup>3)</sup> Ritarinn hefur í fyrstu skrifad er, en síðan breytt því þannig.

fæ engi man siálfir til lögsögo. *oc* eigo encsis þeirra ord at metaz. Lögsögo man a ilögretto at taca þa er menn hafa radit huerr vera scal. *oc scal* ein maðr scilia fyrir. en aðrir giallda samquæði a. *oc scal* iii. sumor samfast en same hafa<sup>1</sup> nema menn vili eigi breytt hafa. Or þeirre lögretto er lögsogo maðr er tekin. scolo menn ganga til lögbergs oc scal hann ganga til lögbergs. oc setiaz irum sitt. *oc* scipa logberg þeim monnom sem hann vill. enn menn scolo þa mæla malom sinom. Pat er oc mælt at lögsögo maðr er scylldr til þess at segia up lög þatto alla a þrimr sumrom hueriom. en þingscop huert sumar. Lögsogo maðr a up at segia syno leyfi oll at lögbergi sva at meire lutr manna se þar ef því um nair oc misseris tal. oc sva þat ef menn scolo coma fyr til alþingis en x. vicor ero af sumre. *oc* tina imbro daga halld. *oc* fösto iganga. oc scal hann þetta allt mæla at þinglavsnom. Pat er oc at logsogo maðr scal sva gerla þatto alla up segia at engi vite eina miclogi gör. En ef honom vinz eigi frobleicr til þess. þa scal hann eiga stefno við .v. lögmann en næsto dœgr aðr eda fleire þa er hann ma hellzt geta af aðr hann segi huern þatt upp. *oc* verðr huerr maðr utlagr iii. morcom er olofat gengr a mal þeirra. oc a lögsogo maðr soc þa. Lögsogo maðr scal hafa huert sumar ii. hundroð alna vaðmala af lögretto síam fyrir<sup>2</sup> starf sitt. Hann a oc utlegþir allar hálfar þær er a alþingi ero domþar her. oc scal döma ein (Bls. 84, a.) daga aþeim öllum anat sumar her iboanda kirkio garðe miðvico dag imitt þing. Vtlagr er hver maðr iii. morcom er fæ lætr döma ef hann segir eigi lögsogo manne til *oc* sva huerir doms upsogo

<sup>1)</sup> Leiðréttung fyrir hafe.

<sup>2)</sup> Ritað tvisvar.

váttar hafa verit. Pat er oc þa er logsögo maðr hesir haft iii. sumor logsögo. oc scal hann þa segia upp þing-scop et iiiii.\* sumar fösto dag in fyra i þingi. þa er hann oc lavs fra logsogo ef hann vill. Nu vill hann hafa lög-sogo lengr ef aðrir una honom. þa scal en meire lutr lögréttó manna raða. Pat er oc at lögsgo maðr er ut lagr iii. morcom ef hann kemr eigi til alþingis fosto dag in fyra aðr menn gangi til lögbergs at navðsynia lavso. enda eigo menn þa at taca anan logsogo man ef vilia.

## logretto þáttur.

117.

<sup>a</sup> **L**avgretto scolo ver oc eiga oc hafa her huert sumar a alþingi. oc scal hon sitia i þeim stað a valt sem lengi hesir verit. Þar scolo pallar iii. vera vmb huerfis lögréttuna sva viðir at rumlega megi sitia ahueriom þeirra fernar tylptir manna. þat ero xii. menn or fiorðunge hueriom er lögretto seto eigo. oc logsögo maðr um fram sva at þar scolo ráða logom oc lófom. þeir scolo allir sitia a mið palli oc þar eigo byscopar varir rum. Peir menn .xii. eigo logréttu seto or norðlendinga fiorðungi er fara með goðorð þav .xii. er þar voro þa höfð er þeir átto þing fiogor. en goðar iii. i huerio þingi. En i öllum fiorþungum ofrom. þa eigo menn þeir ix. lögréttu seto or fiorðunge hueriom er fara með goðorð full oc forn þav er þa voro þriú i várþingi hverio. er þing voro iii. ifiordungi hveriom. þeirra þricia. enda scolo þeir allir hafa með ser man ein or þingi hverio eno forna. sva at þo eigniz xii. menn lögréttu seto or fiorðungi hueriom. En forn goðorð norðlendinga öll ero fiorðungi scerþ (Bls. 84, b.) at alþingis nefno. við full goðorð onor öll a lande her. Pat er oc um þa menn alla er sva eigo lögretto seto sem nv var tint. at þeirra hver a at scipa tueim monnom

<sup>a)</sup> = Á. M., Lögretto þáttur (fannst ekki á skinnb. i Árna-Magnúss. safni).

ilogretto til *vm* rāða með ser öðrom *fyrir* ser en odrom abac *ser*. *oc* sinom þing monnom. þa verða pallar scipadír til fullz *oc* ferner tylptir manna ahveriom palle. engir menn scolo sitia *fyrir* inan palla þa er logretta er rudd nema þeir er mal eiguz við en sitia avalt þess amille<sup>1)</sup>. *oc* a lögsogo maðr at scipa rum þat. ut fra pöllom a alþyða at sitia. Peim einom monnom er rett at standa upp at lögréttó þa er þar scal köra log eða lof. er *vn* mal manna scolo mæla. *oc* þeim odrom er yztir ero þeirra er þar ero commir. utlagr er huerr iii. morcom er eigi gérir sva. *oc* a sa soc er vill. En ef menn troðaz sva mioc at lögretto *fyrir* öndcost eða gera þar hrang þat eða hareýsti at *fyrir* þvi af glapaz mal manna *oc* varðar þat fiorbavgs garð sem öll þings af glopon. Ef þeir menn coma til lögretto er þar eigo setor en adrír hafa setz irum þeirra. þa scolo þeir beiða *ser* ruma. *oc* er hinom vitis lavst ef þeir ganga þa ibrott. En ef þeir híra við þa er rums er beitt. *oc* varðar þat iii. marca utlegð. Þa scal eigande beiða seto sinar með vatta. *oc* varðar þat fiorbavgs garð ef þa er varnat. Pat ero alt stefno sacir. *oc* scal quedia ix. heimilis bva þess er sottr er til fiorbavgs saca en .v. til utlegðar. Pat er *oc* at lögretta scal ut fara drottins daga báða iþingi. *oc* þing lavsna dag *oc* a vallt þess i mille er logsogo maðr vill. eða meire lutr manna. *oc* i huert sin er menn vilia ryðia logréttó. Par scolo menn rétta lög sín *oc* gera ny mæli ef vilia. Par scal beiða monnom sycno leyfa allra. *oc* satta leyfa þeirra allra er einca lofs scal at beiða. *oc* margra lofa anara. sva sem tínt er ilogom. Pat scal allt metaz sva ilogréttó sem losat se (Bls. 85, a.) er engi maðr

<sup>1)</sup> í skinnbókinni: amille.

neitir sa er logréttó seto á.<sup>1</sup> enda vere engi lyrite fyrir utan lögréttó. Huerr maðr þeirra er lögréttó seto á. scal gera anattuegia um leyfe huert at iata eða nítá. utlagr er hann ella iii. morcom. Ef menn biðja lofa ilögtréttó sva at þeir menn ero ogorla þar comnir eða abrott gengnir er lögréttó seto eigo en þó ero ferner tylptir manna eða fleire. þá má logsogo maðr scipa því liðe irum þeirra manna er setor eigo til fullz oc utlagaz huerr er syniar þess. Nu verðr mið pallr alscipaðr. Þa scal logsogo maðr nefna ser vatta. J þat vætte. scal hann queþa at þesir sitia allir i lög rétto at mino raðe oc rettir til þess at sylla lög oc lof. nefne ec þetta vætte at lögom hueim er niota þarf. Enda scolo þa verða lof öll iafn föst þar sem goðar sæti sialfir. oc fyrir þeim einom scolo hinir up risa er aðr sáto. Pat er oc at þat scolo lög vera alanðe her sem áscrám standa. En ef scrár scilr á oc scal þat hafa er stendr a scröm þeim er byscopar eigo. Nu scilr en þeirra scrár á. þa scal sv hafa sitt mal er lengra segir þeim orðom er male scipta með monnom. En ef þær segia iafn langt oc þó sitt hvar. þa scal su hafa sit mal er iscalahollti<sup>2</sup> er. Pat scal alt hafa er finz a scrö þeirre er haflidé let gera nema þocat se síþan. en þat eitt af anara lög manna fyrir sögn er eigi mæli því igeðn. oc hafa þat alt er hitzug leisir eða glegra er. Nu þræta menin um lögmal. oc má þa ryðia logréttó til. ef eigi scera scrár ór. En sva scal at því fara at beiða með vatta goda alla at lögbergi oc lögsogo man at þeir gange ilögtréttó oc isetor sínar at greiða logmal þetta sva sem heþan fra scal vera.<sup>3</sup> beiðe ec logheiðing. scal sa quæda

<sup>1)</sup> Hér á eptir ritð: scal gera anattuegia um leyfe huert, en síðan hafa orð þessi verið strykud út aptur.

<sup>2)</sup> Leiðréttung fyrir iscala.

<sup>3)</sup> Deplinum er við bælt.

er reyna vill. Ef nokorir þeir menn er setor eigo gera eigi ganga irum (Bls. 85, b.) sín er þeir uito at lögretto scal ryðia. oc varðar þat fiorbargs garð sem önor þings af glöpon. enda er rétt at telia godan þa huern utlagan iii. morcom oc or godorðe sino. þat varðar oc allt sliet et sama þeim monnom öllum er logretto seto eigo at gegna at lögretto þeirre sem þa scylða lög til. Alengr er godar coma isetor sinar þa scal huerr þeirra scipa manne apall fyrir sic en avðrom manne a en yzta pall. a bac ser til um ráða. Síþan scolo þeir menn er þar eiguz mal við tína logmal þat er þa scilr á. oc segia til þess hvat ideílir með þeim. þa eigo menn síþan at meta mál þeirra. til þess er þeir hafa ráðin hug sin um þat mal. oc spyria síþan alla lögretto menn þa er a miðpalle sitia. at scyra<sup>1</sup> þat hvat huerr þeirra vill lög um þat mál. síþan scal huerr godi segia hvat lögin mun calla. oc með huárom huerfa at því mále. oc scal aſl ráða. en ef þeir ero iafn margin lögretto menn huarirtuegio er sitt kalla lög huarir vera. þa scolo þeir hafa sitt mal er lögsogo maðr er iliðe með. En ef aðrir ero fleire. þa scolo þeir ráða. oc scolo hvarirtuegio vina vefangs eið at sino male. oc fela undir eið sin. at þeir hygia þat vera lög um þat mal sem þeir fylgia at. oc queþa a af hui þat se lög. Nu er nockor logretto maðr sva siúcr eða sár at sá má eigi ute vera. þa scolo þeir hvarir tuegio sækia ord hans til búðar oc segia hvat i deílir með þeim. en hann scal eið vina slican sem aðrir. oc queþa á þat með huárom hann vill huerfa.

<sup>1)</sup> Ritað: mál þeirra. oc spyria síþan alla logretto menn þa er a miðpalle sitia. til þess er þeir hafa ráðin hug sin um þat mal. at scyra o.s. frv., en síðan hefur ritarinn breytt röðinni á ordum þessum, með því að setja a. b. c. upp yfir ordnum þess, oc og at.

EN ef þa er logretto *maðr* nockor omale *eða* ovite *eða* andaðr er þessa mals þarf. oc scal sa *maðr* istað hans er dom nefno átte up at taca ef hans væri þa við mist. Nu lysa lögréttu *menn* hug sin. oc verþa þeir xii. *eða* fleire er lið hafa mina. þa scolo þeir er fære ero saman vinna eiða at sino (Bls. 86, a.) male. Þa verða hinir er lið hafa meira oc scylldir at vina eiða at sino male. sva at þeir svere manne fleire *eða* ii. et fæsta. ef lögsogo *maðr* er í ene mine sueít. EN ef þeir metaz eiða við i eno meira liðe. oc scolo þeir luta með ser nema þeir vile allir sveria. Nu verða þeir færi saman en xii. er lið hafa mina. þa ero þeir þegar af sino mále *oc* ero engir *menn* or eno meira liðe þa scylldir at vina eiða at mote eiðom þeirra er fære ero saman en xii. Ef þeir ero nökkorir lögrettu *menn* er með huarunge látz vera<sup>1</sup> muno. *eða* varna þeir anara scila um þav mál. *oc* varðar þat allt slict sem áðr var tínt. *oc* a sa þeirra sacir þær er þar eiguz mál við er helldr vill sækia til fullra laga. EN ef hvargi vill sækia. þa a söc þa hvar er vill. enda scal lögsego *maðr* scipa rum þeirra manna er þar gera<sup>2</sup> lögscil fyrir sec. *oc* taca man or varþingi því er glöpin kömr ef þat ma enda varðar þá hveriom fiorbaggs garð er syniar þess. EN ef lögsogo *maðr* kan þar eigi men fyrir íþa sueít. þa scal hann beíða samþingis *goða* þess er scila varnar at þeir fae honom man i stað sva at þa megi íþví fylla logréttu. *oc* varðar þa slict þeim er þess syniar sem hinom er glöp gerþe. Nu vill engi samþingis *goðanna* scil gera. þa scal beíða manna ianat þing *oc* í et .iii.<sup>a</sup> ef eigi fæzc aðr. enda eigo þa iafn micit þeirra ord at

<sup>1)</sup> Ritarinn hefur skrifad va, en sleppt skamstófunarmerkinu.

<sup>2)</sup> Hér a eptir hefur í fyrstu verið titlað felag, en síðan hefur ord þetta verið strykað út aptur.

standaz sem anara logretto manna. *Pat* er *oc* at ein-hver<sup>1</sup> maðr scal tína við vatta log mál þat er aſl fæſc til. en<sup>2</sup> allir scolo samquædi gialda á. síþan scal up segia at logbergi. *Pat* er *oc* scyllt þeim monnum öllum er lögretto seto eigo at fylla up sögo avalt. er logsogo maðr vill lög up segia. hvart sem þat er at logbergi eða ilögretto *oc* þott i (Bls. 86, b.) kirkio se. ef veðr er osuást ute. EN ef nökkorir logretto menn hafa eigi tóm til þess. þa scolo þeir menn ii. heyra a upsogo fyrir hvern þeirra er til þess ero tecnir af þeim at sitia apöllum ilög rétto. Nu er at huaruge gavmr gefin. þa mego ecki standaz þeirra logréttó manna ord er sva scipa asama sumre. Þar er um þat lög mal er þráett er þa var up sagt. enda *vardar* iii. *marca utlegð.* *oc* eigo aðrir lögretto menn söc þá *oc* scal stefna at logbergi. *oc* *quædia til heimilis bva* v. þess er *sottr* er. EN lög sogo maðr a at scipa lögberg *oc* *utlagaz* þeir iii. *morcom* er at olofe *hans* sitia þar. Nu bioða menn þav oscil logsogo manne. at láta *hann* eigi ná seto sini. eþa þa menn er *hann* hefir ein nefnda til þess at sitia at lögbergi með ser *oc* *vardar* þat *fiorbavgs gard* *oc* scal þat sekia sem aðra þings afglöpon. Pess er lögsögo maðr scylldr at segia ollom þeim er *hann* spyria *her*<sup>3</sup> lögmál bæpi *her* *oc* *heima*. EN erat *hann* framar scyldr<sup>4</sup> sacrapa við menn. *Hann* scal *oc* up segia þingscöp hvert summar. *oc* aðra þatto alla. sva at þeir verðe upp sagþir a iii. sumrom

<sup>1)</sup> Getgáta fyrir hæð.

<sup>2)</sup> í fyrstu skrifad *oc*, en síðan hefur verið ritað en uppsýfir.

<sup>3)</sup> Sleppt úr í Á. M.

<sup>4)</sup> Á. M. bætur við at, og er það í leiðréttungum aptan í bókinni talid misprentad fyrir til, en hvorugt þessara orða finnust í skjumbókinni.

hueriom. ef meire lutr manna vill hlýtt hafa. Fosto dag  
 in fyra i þingi scal þingscöp avallt up segia ef menn  
 hafa tom til at hlyða. Pat varðar alt iii. marca utlegð  
 logsogo manne ef hann leysir eigi af hende þav scil öll  
 er hann er scyldr til at navðsynia lavso. oc a sa maðr  
 þa utlegð halfa er sekir en hálfu domendr. En ef lög-  
 sogo maðr gerir þav osiöt nokor er meire lutr manna  
 vill kalla þings af glöpon. oc varðar honom þat fior-  
 bavgs gard. Pat er oc. at aþvi eino varþingi a hann  
 útlegþir er hann heyr siálfur.

---

Arfa þattr.<sup>1</sup>

118.

(Bls. 87, a.) <sup>a</sup> **S**onr a arf at taca at föðor sín oc mōðor frials  
borin oc arsgengr. Nu er eigi sonr til þa scal taca dottir.  
Nu er eigi dóttir. þa scal taca saþir. þa broþir samfeðri.  
þa móþir. Nu er eigi hon til. þa scal taca systir sam-  
feðra. Nu er eigi hon til þa scal broðir sammœðri. Nu  
er eigi hann til. þa scal taca systir sammöþra. <sup>2</sup> † Nu

† <sup>b</sup> Eptir systor sammöþra *oc* scirgetna. [scal sonr lav-  
getin taca arf eptir favðor sin. Því næst dottir lavngötin.  
Eptir dottor lavngötna. scal arf taca broþir samfeþri  
lavngötinn. þa broþir sammœðri lavngötinn. Siðarst systir  
sammöþra. Pessir iiii. scolo fram föra systkin sín ef  
þeir hafa fe til. oc scal sva fara omegð sem arfr. Nu  
ero systkin þeirra erfþar omagar þeirra. oc scal báþum  
þar iafn sparir avrar iafnan. Broþir samfeðri lavngötinn.  
oc anar sammœðri lavngötinn ero aþiliar víg sakar eptir

a) = Á. M., Arfa-þattr, c. 1.

b) Fyllt út eptir Á. M., c. 18.

1) Fyrirsögninni og upphafsstafnum er hætt við.

2) Hér er vísað til viðurauka, sem ritadur er á spassiunni efst a blaðinu. Þareð  
viðurauki þessi mundi raska sambandinu, ef hann væri prentadur hér, hefir oss  
réttast að setja hann fyrir neðan, einsog athugasemd.

er eigi hon til þa *scal* taca sonr lavngetin. Nu er eigi *hann* til þa *scal* taca dóttir lavngeten. Nu er eigi hon til þa *scal* taca broþir samfæðri laungetin. Nu er eigi *hann* til. þa *scal* taca systir samfæðra. Nu er<sup>1</sup> eigi hon til. þa *scal* taca broþir sammæðra. Nu er eigi *hann* til. þa<sup>2</sup> *scal* taca systir sammæðra *lavngetin*. Þaðan fra ero scirgetnir menn til arfs. Þa ero næstir arfe föðor fáfir oc modor fáfir. sonar sonr *oc* dóttor sonr. þeim næstir eigo at taca foþor moþir *oc* modor moþir. sonar dottir *oc* dóttor dótter. Þa er föðor broþir *oc* modor broþir broþor sonr *oc* systor sonr. Siðarst taca föðor systir *oc* modor systir. broðor dottir *oc* systor dottir. <sup>a</sup> Nu ero eigi þeir menn til. [þa scolo taca iöfnum höndum bræðrungar *oc* systrungrar. nema ein maðr se or modor ætt eþa

systkin sin. *oc* þeir eigo festar systra sina *oc* sva legordz sacir vm þær sva snemma sem ero til arf töko. Systir samfeþra lavngetin *oc* önor sammæðra eigo sva rétta far at taca eptir systkin sin. sem arf. enda ero sva bœndr þeirra *oc* eigo sva festar ef þess þarf. Eptir firnare menn ero scirgetnir menn til arfs *oc* omegðar ef eigi taka systkin. Þa ero nestir arfe föðor fadir *oc* modor fadir. Sonar sonr *oc* dottor sonr. Siðarst taka arf. favðor systir *oc* modor systir. Broður dottir *oc* systor dottir. Þaðan fra er iafnan inn nanasti niðr.] til arf toko.

<sup>b</sup> Sonr lavngetin a vig söc. Vsque. eptir omaga.

<sup>a)</sup> Fyllt út eptir Á. M., c. 1, blz. 1711.

<sup>b)</sup> Þessari grein finnst vart neitt samsvarandi, sem fylla megi hana út eptir. Orðin í niðurlagi minna a Á. M., Omaga-b., c. 29, bls. 288-289.

foðor átt, enn fleiri menn or anari hálfo. þa tecr hann] at hælmingi við þa. **Þaðan fra** er avallt en nanasti niðr til arf tekio. Nv ero fleire *menn* iafn nánir þeir er taca eigo. þa scal iafnt scipta iknéruna alla. en þat er knerudr at telia *fra* systkinom. Ef iafn naenn er karl maðr oc kona. *oc scal* karl maðr a valt þar taca. Ef konor ero nanastar oc er þar oc deildar arfr með þeim.

<sup>a</sup> **Peir** ero *menn* xiii. er talþir. [heita til arfs ilögum er fyrst ero tindir. af því at þar ræðr eigi frændsemi. þeirra er fyrst sonr scírborin. en efst systir sameðra lavngetin].  
nym.    <sup>b</sup> **Ef synir** ero til arfs alnir. þa á. [fapir oc moþir eigi at gera dottor sina heiman meira fe fyrir ráð sonana. en komi iafn mikit fe a hlut hvers þeirra. ef þa væri erfðini script].

<sup>c</sup> **Ef anat** tuegia fellr *fra* faðir. [eða moþir enda se dottir þeirra í umegð oc scal hon at slicum lut huerfa a hendr bréðrom sinum at varðveislo sem þeir taca avra til. eptir þat þeirra sem andat er].

<sup>d</sup> **Pat** er *oc* þar er moðir<sup>1</sup> gefr syne sinom. [eða sa maðr er hon verðr erfingi eptir til fostrs eða læringar eða farar eða quanar mundar. eða gelldr giölld firir hann. oc allt þat er hon legr fyrir hann i fe munum eða sa maðr er hon tekrt feet eptir. at hon scal taca þat fe eptir hann barn lavsan. iafn mikit sem hon gaf a vaxta lavst. oc sva hennar born ef hon er anduð scolo taca fyr enn faderin].

(Bls. 87, b.) <sup>e</sup> **Ef** sa maðr tecr arf. [eptir man er menn

a) Fyllt út eptir Á. M., l. c., bls. 172<sup>1</sup>.

b) Fyllt út eptir Á. M., c. 2.

c) Fyllt út eptir Á. M., l. c., bls. 172<sup>13</sup>.

d) Fyllt út eptir Á. M., l. c., bls. 172<sup>19</sup>.

e) Fyllt út eptir Á. M., c. 7, bls. 191<sup>3</sup>.

<sup>1)</sup> Getgáta, samkvæmt Á. M., fyrir maðr.

ætla réttan erfingia. enda verþi kyn anars tveggja þeirra anat síðar. þa scal hann giallda erfingum er þat reyniz fe þat allt leigo lavst er hann toc. Sua scal oc hvar þess er adrir taca fyrst arf en erfingi rétr firir því at] kyn var villt.

*a) Ef menn hafa fe gesit sonom sinom til farar eda til quanar mundar oc sva ef hann hefir øxt hinom fe fyR en hann væri .xvi. vetra gamall. þa scolo hinir adrir taca slikt af odeilldom arfe sem þat var þa er hann var xvi. vetra gamall. þa scal hver þeirra þat taca af féno er þeim tömiz arfrin. Nu hefir þeim fleirom øxt verit feit eda gesit en sumom meira en sumom. oc scolo þeir sva scipta sem þeim væri iafn micit öllum gesit feit eda øxt. þeir scolo avaxta lavsan þan mismun heimta sem þeirra var íþví gør lengr er þeim tömiz arfrin. Nu hefir meire munr gør verit þeirra en í arfinom megi iafna lut þeirra. þa eigo þeir heimling sina avra iafn margra sem i því missir við þa er adr hofðo af feno haft. Pat er oc þar er systr<sup>1</sup> taca arf at fodor sin eda modor oc voro sumar gervar heiman adr en sumar eigi. þa scolo hinar adrar taca iafn micit se af o deilldo sem hinar hofðo ádr haft a vaxta lavst enda scal slikt með þeim fara sem adr var tint með brøðrom huernge<sup>2</sup> veg er oc hefir þeirra mismuni gør verit íþví. Modir á at taca af fe slikt eptir dottor sina barn laýsa sem hon hafðe hana heiman gerva. oc sva mundin a vaxta lavsan þan er þar com til oc sva hennar born. helldr en fadiren. Nv huergi maðr er gefr til heiman fylgionar. þa scal sá*

*a)* = Á. M., c. 2, bls. 173<sup>4</sup>.

<sup>1)</sup> Ritarinn hefur í fyrstu skrifad fyrir, líklega af því hann hefur lesið rangt handrit það. sem hann hefur haft fyrir sér.

<sup>2)</sup> Stafurinn n í ordi þessu er ritaður ofan línu.

taca gióf þa eptir *hanna* barn lavsa *oc* sva viðgiöldin. ef *hann* lysir at festa málom *eða* at eigin orðe. Ef móþir gefr fe til fárar sóni sínom *eða* til quanar mundar. þá ahon at taca þat fe eptir *hann* barn laísan iam micit sem hon gaf a vaxta lavst. *oc* sva (Bls. 88, a.) hennar horn helldr en faðirin. <sup>a)</sup> Eigi ero allir menn arfgengir þott frials bornir se. Sa *maðr* er *eigi* arfgengr er modir hans er *eigi* munde keypt morc eþa meira fe *eða* *eigi* brullavp til gert eþa *eigi* fostnoð. Pa er kona munde keypt er morc vi. alna avra er goldin at munde eþa handsoloð. *eða* meira fe ella. <sup>b)</sup> Pa er brull lavp gert at lögom. [ef lög-  
raðande fastnar kono. enda se .vi. menn at brullavpi et fæsta  
*oc* gangi bruðgumi iliose] isama sæing cono. <sup>c)</sup> Barn þat  
er móþir er munde keypt. er þa arfgengt er lifanda kómri  
iliós. *oc* matr kómri imun. <sup>d)</sup> Sa *maðr* er *oc* *eigi* arfgengr  
er *eigi* veít hvart tryio savðull<sup>1)</sup> *scal* fram horfa a hross  
*eða* aptr. eþa hvart *hann* *scal* horfa. EN ef *hann* er  
hygnare þa *scal* honom arf deíla. EN ef *hann* kan *eigi*  
til fullz eyris raða. þa *scal* in nanasti niðr<sup>2)</sup> hafa varðveislo  
fiar *hans* sem omaga eyris. þeir eigo at stefna honom þa  
er *hann* er xvi. *vetra* gamall til scila *oc* til ravnar um  
þat at *hann* kuni *eigi* fe sino at raða til fullz eyris oc  
telia *hann* af rádonom fiár sins allz. *oc* telia ser ráðin  
fiarens ef quíðr ber *hann* sanan at því. þar *scal* queðia  
til ix. *heimilis* bva a þingi þess er sottr er. hvart *hann*  
kune raða fe sino til fullz eyris *eða* *eigi* enda a at döma

a) = Á. M., c. 3.

b) Fyllt út eptir Á. M., I. c., bls. 175<sup>11</sup>.

c) = Á. M., c. 18, bls. 223<sup>19</sup>.

d) = Á. M., c. 3, bls. 175<sup>15</sup>.

1) Leiðréttинг fyrir savðul.

2) Hér á eptir hefir verið skrifð raða, en orð þetta síðan strykað út aptur.

at því sem quidrin ber alengr. Nu ber þat quidr at hann kune eigi ráða fe sino til fullz eyris þa scal döma þeim manne síarvarðveizlo hans er stefna let. En sa scal virþa fe þat sem omaga eyri oc sva hafa at öllu. En ef honom batnar hygiande þa scal hann stefna þeim er feit hefir at varðveita þa er hann er .xx. til gialda oc til utgongo um fét oc scal hann queðia heimilis bva sina .ix. til aþingi hvart hann kan ráða til fullz<sup>1</sup> eyris fe sino eþa eigi. <sup>a)</sup> Ef þat ber quidr ihag honom. [at hann kune ráða fe sino til fullz eyris. þa scal hann en queðia heimilis bva ix. a þingi þes er hann sekir at bera um þat við hue mielum avrum sa toc þeim er hann atte. Seal síþan döma honom síarvarðveizlo þes er hin toc við avaxta lavst. ef quiþr ber þat at hann kuni þa ráða til fullz eyris.] enn eigi ella. (Bls. 88, b.) Nu scal döma honom síarvarðveizlo sino<sup>2</sup> ef quidrin bert ihag honom þa. en eigi ella. en eigi a hann til call optar. <sup>b)</sup> Ef sa maðr quangaz fyrir ráð scap arfa sins þa a þat barn eigi arf at taca. enda a barn þat at hverfa í modor ætt. at framförslo til þess er þat er xvi. vetrar gamalt. En hinom varðar fiorbavgs gard. er konona fastnade honom ef ráðen takaz. oc ása söcena er síar varðveizlona á þess ens heimscea manz. en eigi er sóen til nema ráðen takiz. enda er eigi mundrin heimill sa er hann handsalar en heimsce maðr. þat er stefno söc oc scal queðia til heimilis bva ix. aþingi þess er sottr er. <sup>c)</sup> Ef sa maðr andaz er barn á nym

a) Fyllt út eptir Á. M., I. c., bls. 17619.

b) = Á. M., c. 4.

c) Fyllt út eptir Á. M., I. c., bls. 17717.

<sup>1)</sup> Leiðréttung fyrir full.

<sup>2)</sup> Í fyrstu ritáð síarvarðveizlona, en síðan hefir si verið ritáð ofan línu amillum stafanna o og n.

i vanom. [þa er barn eigi arfgengt nema lifanda komi i lios oc matr komiz niðr]. Sa maðr er eigi arfgengr er þræll getr barn með frialse kono. Pat barn er oc eigi arf gengt er quiet er orðit iquíþe mōðorine aðr henne se frelsi gefit oc er þo þat barn frials borit. enda scal þeim manne gesa frelsi ianat sín. sa maðr heitir hrisungr. En ef kononi er gefit frelsi aðr barnit er kyclt orðit iquide henne. oc þarf eigi at gesa þeim manne frelse. Ef kona gesr frelsi þræle sinom til þess at hon vill ganga með honom oc eiga hann. þa er þat barn oc eigi arfgengt er þav geta.<sup>1</sup> sa heitir hornungr. Pat barn er oc eigi arfgengt er kona su getr er sec er orðin scogar maðr. þo at hon geti með sinom boanda osekiom oc heitir sa besingr. Pat barn er oc eigi arfgengt er<sup>2</sup> sa maðr getr er secr er orðin scogar maðr. þoat hann geti við sini kono síalfs.<sup>3</sup> sa maþr heitir vardropi. Ef maðr quangaz<sup>4</sup> er attreþr er eða ellre fyrir rað scaparfa síns. hann a eigi mund at giallda meira en xii. ávra. en barn þat er þav geta scal eigi hans arf taca (Bls. 89, a.) en þat scal taca anan allan. Sa maðr er eigi arfgengr er iverðgangi er alin. Ef maðr scilz við kono sina oc er talit einlát ahendr honom oc lofar byscop honom eigi at quangaz. ef hann ræðr raðe sino i anat sín oc varðar honom þat fiorbavgs gard. oc verða born eigi arfgeng ef hann a með þeirre kono. Ef kona scilr við boanda sín sva at einlát er talit ahendr henne ef hon giptiz avðrom manne sva at eigi lofar byscop oc varðar henne þat fiorbavgs gard. oc ero born þav eigi arfgeng er hon a við þeim manne. sacar þær á at

<sup>1)</sup> Deplinum er við bætt.

<sup>2)</sup> Hér á eptir hefir verið skrifð ko, en strykað síðan undir það.

<sup>3)</sup> Deplinum er við bætt.

<sup>4)</sup> Ritad quangaðr, en uppyfir síðstu tveimur stöfunum hefir síðan, ef til vill með yngri hendi, verið ritad z, og strykað undir ð.

sékia huerr er vill.<sup>1</sup> stefna seal heiman *oc quædia* til ix. bva a þingi. <sup>a</sup> Par at eins er sa maðr arf gengr er averðgangi er alin *oc* á at taca erfþir oc þav gøðe er því eigo at fylgia ef faþir hans eða modir gengo eigi fyrir omenzeo sacir *oc* þo eigi fyr enn hann hefir haft vist vi. misseri. <sup>b</sup> Sa maðr er með husom fer landz ofringi með öllu. er hann hvarki til ungr ne til gamall at vina. eða fara þeir at sialfræðe sino þott þeir se gamlir *oc* scolo þeir eigi arf taca meðan þeir fara sva. *oc* ero þeir rétt lavsir. <sup>c</sup> Nu huerngi<sup>2</sup> blut er maðr vill þessa til þess föra at telia man eigi arfgengian. þa scal stefna honom til scila *oc* til ravnar. *oc* quædia ix. heimilis bva til aþingi þess er sóttr er<sup>3</sup> um þat sem hann vill hellzt til föra. Sva fremmi akarl maðr arf at taca er hann er xvi. vetra gamall. EN kona su er gefin er hvarz hon er xvi. vetra eða yngri *oc* á hon arf at taca þegar undir hana ber. *oc* sva fiárvardveizlo anara manna. Ef hon er eckia yngri en xvi. vetra gömol *oc* a hon arf at taca *oc* sva fiárvardveizlo anara manna. ef undir hana ber ef logradandi hefir fyrir raðit. <sup>d</sup> Pat er at lögsculldar maðr sa er ilogsculd er tekin er arfi ens friða (Bls. 89, b.) en eigi ens ofriða. Nu er hann or sculldine *oc* er hann þa hvarstuegia arfi. <sup>e</sup> Ef karl maðrin er yngri en xvi. vetra gamall þa er arfrin tømiz *oc* a hann at taca þan arf

<sup>a)</sup> = Á. M., c. 20.

<sup>b)</sup> = Á. M., c. 8, bls. 1927.

<sup>c)</sup> = Á. M., c. 4, bls. 179<sup>12</sup>.

<sup>d)</sup> = Á. M., c. 17, bls. 221<sup>3</sup>.

<sup>e)</sup> = Á. M., c. 4, bls. 179<sup>27</sup>.

<sup>1)</sup> Deplinum er við bætt.

<sup>2)</sup> Í skinnhókinni: h u 7 gt.

<sup>3)</sup> Við bætt.

þa er *hann* er .xvi. vetrar gamall *oc* sva vordveizlo. þa a *hann* *oc* at raða fyrir vista fare sino. en eigi anara manna fiár aðr *hann* er tuitögr. Ef *hann* vex up til erfðarinar. En ef *hann* var þat vár .xvi. vetrar eða eltri er erfðin temðiz. þa a *hann* þa vordveizlo anara manna fiar þegar er undir *hann* ber. Mær a at taca arf er hon er .xvi. vetrar gömul *oc* sva vöxta a sino fe en eigi vordveizlo hvarki sins fiár ne anars. *oc* eigi raða fyrir vista fare sino aðr hon er tuitog. Sa maðr er *hann* quangaz i anars konungs velde en inoregs konungs *oc* a kono her. þa a þat barn eigi arf at taca er *hann* getr þar<sup>1</sup>. Ef maðr a konor ii. her a lande eþa íórom logom þat varðar fiorbavgs card enda ero born þeirra eigi arfgeng ef *hann* elr við þeirre kono er *hann* tóc síðar. En þa ahann konor .ii. er *hann* gengr at eiga *oc* gérir brúþeavp til eða geldr mund við enda a *hann* aðra<sup>2</sup> kono aðr. Þat er stefno söc scal quedja til heimilis bva ix. aþingi. ym. þess er sottr er. *oc* asa söc er vill. "Ef scogar menn eþa fiorbavgs menn. [fara utan heðan *oc* quangaz erlendis þa ero born þeirra öll arfgeng her þav er þeir geta þar. ef þeir quangaz þar at landz lögum. réttum. Sua er oc et sama ef quangaþir menn fara utan heðan *oc* taca þeir aþrar konor i noregs konyngs velldi at landz lögum. þa eigo þav born er þar alaz at taca arf ut hingat]. Ef þeim manne temiz erfð er erlendis er þá a sa maðr at taca þat sé er in nanasti niðr er her inom davða. scal *hann* lata virða fe þat v. land eigendr iafnt sem omaga

a) Fyllt út eptir Á. M., I. c., bls. 181ff.

<sup>1)</sup> Leiðréttung fyrir þat.

<sup>2)</sup> Ritarinn hefir í fyrstu skrifau aðr, en þeit síðan a við ofan línu.

eyre, oc sva at öllu hafa *sem* omaga eyri. EN ef sa *maðr* kóm *ut* er *feet* a at taca þa a *hann* at taca ínsteðan avaxta lavsan. EN ef sa andaz er erlendis er þa eigo *hans* erfingiar þat fe at taca ef *hann* andaz síðar. Ef þeir verða *eigi* (Bls. 90, a.) asáttir hvar þeirra síðar andadíz. þa a þat xii. quidr at scilia. goda þess er sa er i þingi með er sœkr. "Ef sa *maðr* kóm *ut* or för. [er fe þat nym. a at heimta er annar madr hefir tekit til vaxta her oc vill sa eigi lavst lata. þa a hinn at stefna til ut göngo um feit þa er hann heyrir eða at heimili hans oc láta vardá utlegð oc sœkia við ix. bva quid]. *oc queþia aþingi.*

## 119.

<sup>b)</sup> Maðr a at taca arf eptir leysing sin. *oc* eptir leysingio sina nema þav hafe alet ser anatuegia son eða dóttor. þa asonr at taca ef þav ero scírgetin. Pa ef *eigi* er sonr til þa a<sup>1</sup> at taca dóttir. EN ef þav deyia barn lavs þa á þat fe en aprt at huerfa undir frialsgiasan. EN ef born leysingsens andaz barn lavs. þa á þat fe en aprt at huerfa undir frialsgiasan. *iafn* micit fe sem þav leysingrin átto þa er þav ondoduz. EN ef *feet* er meira þa eigo frændr leysings<sup>2</sup> barnana þat at taca. EN ef undir barna bornin cœmr arfr leysingsens. þa á þat fe *iafn* at hverfa i ætt þeirra leysingsens. EN ef fleire men gefa frelse manne. þa *scal* þvílican lut hueR þeirra við anan taca or arfe *hans* sem þav gáfo frelse til. Leysingr á at taca

a) Fyllt út eptir Á. M., I. c., bls. 183<sup>17</sup>.

b) = Á. M., c. 5.

<sup>1)</sup> Við bætt.

<sup>2)</sup> Í fyrstu ritad leysingsens, en síðan hefir verið strykad undir síðasta 3 stafina.

arf eptir leysing sin. iafnt sem frials borin maðr. enda sva leysingia. EN ef deyr barn lavs leysingr leysingsens þa scal þat fe aptr huerfa undir frialsgiafan. þan er frelse gaf enom fyra. Pat fe aleysingrin at taca epter born sin ef hann gefr sone sinom til farar eða til quánar mundar. oc sva a hann þat fe at taca er hann gerir dottor sina heiman oc sva þat er við er golldit a vaxta lavst. Ef þav<sup>1</sup> deyia barn lavs.<sup>2</sup> oc a sva leysingian at taca iafnt sem leysingin.

## 120.

<sup>a)</sup> Ef sa maðr andaz er engi a frænda her a lande. oc (Bls. 90, b.) andaz at scipe. þa scal fe lage hans taca þat fe eptir hann. Ef hann a eigi felaga<sup>3</sup> þa scal taca motonavtr hans. EN ef motonavtar hans ero fleire en ein. þa scal sa taca er optaz hefir átt mat við hann. EN ef hann hefðiz mioc. þa scolo þeir allir iafnt taca. EN ef hann er ein ser imotoneyte. þa scal taca styre maðr. Nu ero styre menn fleire en ein. þa eigo þeir sva at taca sem þeir eigo iscipi til. Ef styre maðr er ein i mötneyte oc a ein scip. þa á gode sa at taca er boande sa er íþingi með er land þat á er þeir eigo búþir á. EN ef hann tecr ser vist oc andaz hann á gotone er hann fer fra scipe. þa scal þat fe sua fara sem hann andiz at scipe er hann hafðe átt. EN ef hann kemr ivistena. oc andaz hann þar. þa a felage hans þat fe at taca nema þeir hafe til þess gört felagit at aðrir menn scyldo eigi

<sup>a)</sup> = Á. M., c. 6.

<sup>1)</sup> Getgata, samkvæmt Á. M., fyrir þa.

<sup>2)</sup> Deplinum er við bætt.

<sup>3)</sup> Hér á eptir hefir verið skrifð en eigi, en orð þessi síðan strykuð út aptur.

taca arf eptir þa. *oc* er þa sem þeir hafe ecki um mælt. EN ef eigi er felage þá á at taca bóandin. EN ef hann er ivist með kono er hann andaz þá a hon at taca iafnt sem boanden. EN ef *hann* andaz er *hann* fer til scips. þa á þat fe sva at fara sem *hann* væri eigi þaðan faren. EN ef þeir sitia búþ seto oc andaz maðr sva at *hann* a eigi felaga ser. þa a *goði* sa at taca þat fe er boandin er iþingi með sa er land þat á er þeir búa á. EN ef maðr hýr her oc andaz *hann* sva at *hann* a engi ersingia her alandé þa a *goði* sa at taca þat fe er *hann* var í þingi með. EN ef sa maðr andaz her er her a engi frænda alandé. oc *scal* iafnt arfr fara sem vig söc ef *hann* væri vegin. Nu andaz *hann* at boanda oc *scal* *hann* virða lata fe þa er vii. vicor ero af sumre *oc* a *hann* avöxtu til þess (Bls. 91, a.) er ersingi comr eptir. Nu calla frændr hins til *oc* er eigi scyllt at selia þeim. Nu andaz enscir menn her eða þeir er en ero o kunare hingat. *oc* er eigi scyllt at selia þeim. nema her hafe verit fyr sonr eða faþir eða broþir. þeirra. oc kanadiz þeir þa við. Allt fe þat er adrír menn taca en ersingiar þa *scal* þat fe láta sva virða iafnt sem omaga eyre. <sup>a</sup> Enda a sa maðr avalt arf at. Vsque ef a þat fyr. <sup>b</sup> Ef her andaz utlendr maðr. [af danskri tungo þa scal fe hans biða her ersingia leigo lavst].

### 121. um gongo manz erfð.

<sup>c</sup> Ef göngó maðr verðr davðr iné at manz þa a sa maðr þat fe at taca er in hefir *hann*. bæðe þat fe er

a) Pessu mun vart finnast neitt samsvarandi, er fylla miðti út greinina eptir. Upp-hafð minnir à Á. M., l. c., bls. 1884.

b) Fyllt út eptir Á. M. c. 17, bls. 221<sup>15</sup>.

c) = Á. M., c. 8.

*hann hevir a ser. oc sva þat er hann spyr til at hann hafe átt. EN ef ersingi gongo manzens callar til fiarens ihendr þeim manne er hefir. Ef þat ber quíðr heimilis bva v. þess er sottr er<sup>1</sup>. at honom væri su vist uppi látin er honom væri vært at vera oc ginge hann þo heiman at sialfræði sino oc at ovilia hins. oc a þa erfingianom at döma feet. þat er hann atte í öðrom stöðum en eigi ella. EN ef omage andaz ute alandé manz. eda gongo maðr. þa á sa maðr þat se at taca ef hann hefir a ser er land á<sup>2</sup> en ersingiar þat er i öðrom stöðum er.*

*a) Par er maðr veitir manne fyrir guðs sacir oc se hann eigi til comin at fóra hann fram oc andaz omagin. oc ryðsc sva til at omagin átte fe eptir oc a sa þat at taca er hafðe hann en eigi ersingiar.*

## 122. VM FIAR VARÐVEIZLOR.

*b) Fadir scal hafa varðveizlo síár barns sins oc sva vöxtó. Ef eigi er fadir lífs þa scal broþir samfædre. en ef eigi er broþir samfædri. Pa scal taca modir. Nu ero þeir menn sva iii. er eigi vm byðr undan fiárvardveizlona ne voxtona. sva scal til síár varðveizlo taca sem til arfs. Ef þeim manne tómiz erfð er yngri er en xvi. vetra gamall. þa scolo þeir menn varðveita fe þat er arf atto at (Bls. 91, b.) taca at þan en unga man. þeirra manna er*

a) = Á. M., c. 18, bls. 224<sup>25</sup>.

b) = Á. M., c. 9.

1) I stað orðanna: þess er sottr er, hefir skjónb. i Árna-Magnúss. safni:<sup>1</sup> hans er sekir.

2) Hér á eptir ritad s a maðr, en ord þessi síðan strykud út aptur.

fiár varðveizlo eigo<sup>1</sup> bæðe sins fiár *oc* anara manna ef undir þa ber. Sva scal fiarvarðveizlo scipta i kneruna sem arfe. sa scal omaga varðveita er feit varðveitir. Þeir menn scolo lata virþa fe þat við bóc er varðveizlona eigo v.<sup>ta</sup> dag þan er vii. vicor ero af sumre at heimile ens davða oc virða til lögeyris. EN ef sa er heilagr þa scal virþa en næsta dag eptir rum hælgan. scal quedia bva v. landeigendr vico fyr eða meira mele. þa er rettir se at tengðom i quiþom. **“Ef bvar coma eigi sumir.** [at virða omaga eyri. þeir er quaddir ero. oc er rett þeim er quaddi þa at quedia aðra bva istaðinn þeirra. ef þeir ero þo nokkorir þar comnir bvarnir er quaddir voro. oc réttir at tengþum. oc verþr þa þo iafn rett þeirra virðing allra saman. Sa maðr er hins unga manz fe a at varðveita. scal nefna ser vátta ii. eða fleire. at því hue til micils fiar hvar hafa virt. Buar scolo vína eið alengr er þeir hafa virt feit. at því at þeir hafe sva virt sem þeim þotti rettast. EN síðan scal nefna vatta at því. at hann teer við fe því er hin ungi maðr a. oc bvar hafa þa virt. til þess at hafa þa avöxtu af. oc abyrgiaz at eigi þurfe<sup>2</sup> insteðor nema omagar comi] a ens unga manz fe. **Pat er oc rétt at lata þar virða sem þat fe er.** er mest er saman. þeir scolo þar búa um quefia er feit scal virða. EN ef bvar coma

a) Fyllt út eptir Á. M., I. e., bls. 19315 og, fra Sa maðr, bls. 1953. Af því oss hefir þótt ógjgjandi eptir sambandin, að einkum upphafinu sé samsvarandi grein sú, sem fyr var nefnd, höfum vér ráðið í að bæta við eigi eptir Á. M. í upphafi greinarinnar á millum ordanna coma og sumir, svo upphafð gæti átt við það, sem á eptir kemur og tekið er eptir Á. M.

1) Ritarinn hefir í fyrstu skrifad eigo at taca, en strykad síðan út eigi að eins síðstu tvö ordin, heldur einnig eigo, og höfum vér þó haldd þessu síðastnefnda ordi, sem nauðsynlegu.

2) Í útg. Árna-Magnúss, nefnd., aptan í bindinu, er ord þetta leiðrétt í þurþi, en sú leiðréttning a sér ekki heimild í skinubókinni.

eigi til þeir er quaddir ero. eða<sup>1</sup> vilia þeir eigi virða. þa varðar þeim iii. marca utlegð oc a domr at déma ahendr þeim virðingina xiii. nottom eptir vapna tac. Peir scolo fe þat allt lata virþa er en ungi maðr tecr at erfðine nema lönd eða goðorð ef til er. Nu scolo þeir menn er feet lata virþa syna buum þat fe alt er igripom er. en telia aðra avra nema buum se þat fe sva kunt at þeir vili þo virða. oc verðr þo virþingin þeirra rétt. <sup>a</sup> Ef lavn getin born eigo rétta far um moðor. Vsque er um getnoð þess gelldz. <sup>b</sup> Ef maðr varðveitir land manz. Þess er hann a fiar varðveislo. hann scal at husum gera sva at eigi falli ofan. Nu ero þa verri hvs er hann selr af hende ser en þa er hann toc við oc a hann eigi þat at böta. Ef þav ero betri en þa er hann tóc við. oc scal eigi honom þat bæta. Nu hesir hann ny hus ger þav er eigi voro aðr. oc scal hann þav ofan briota oc hafa abrott við. ef hinn vill eigi kavpa. En ef þar er scógr oc scal hann havgva þar við til husa oc bæta bus buluto oc brena kol til ledengingar. Nu gorir hann þar bus buluto nyia] oc a omagin þa. <sup>c</sup> Ef sa sitr utan fiorðungs er feet á at varðveita. oc scal hann varðveita feet oc föra huergi þaðan fe þat or þeim fiorðungi er feet er aðr mest<sup>3</sup> saman. Nu er feet ífleiom fiorþungom en einom. þa scal

a) Pessari grein mun vart fannast neitt samsvarandi, er fylla mætti út greiuina eptir. Upphafisíð, og liklega esnið, kemur heim við Á. M., Festa-þ., c. 56, en niðurlagið er ólíkt.

b) Fylt út eptir Á. M., c. 17, bls. 220<sup>12</sup>.

c) = Á. M., c. 9, bls. 195<sup>14</sup>.

1) Við bætt, samkvæmt skinnb. i Árna-Magnúss. safni.

2) Við bætt.

3) Ritað mest aðr, en röðinni hefur síðan verið breytt með tilvísunarmerkjum.

*hann þangat föra alt feét sem aðr er mestr lutr. nema lönd se i óðrom fiordungi. en í avðrom lavsa ávrar. þa scal þangat fóra er land er. Nu ero lönd fleire en (Bls. 92, a.) eit oc scolo þeir þar virða er þat land er<sup>1</sup> er dyrst er. Ef hualr kómur a land ens unga manz eða viðr þar scal hual lata virða oc lecia við instœða ens unga manz oc sva viðar verð þat er af því gengr. er þarf þar at hafa til husa a löndom þess ens unga manz oc scolo þeir bvar v. virða er næstir bua recanom landeigendr. Ef sa maðr færir se þat fiordunga i mille er varðveita á feet anan veg en nv er talit oc varðar þat fiorbavgs gard. Pat er stefno söc oc scal quedja heimilis bva ix. a þingi þess er sottr er. Ef erfð<sup>2</sup> ber undir en unga man. þa scal þat fe lata virða oc fylgia instœðanom. Ef oscyldri menn taca við varðveizlo fiarens en aðr talþa ec. Oc er þa costr at bioða undan þeim manne<sup>3</sup>. varðveizlona ef vill. Sa maðr a þat at gera er hálfo meira fe á en omagin. en ef hann a eigi hálfo meira fe. þa scal hann fa til með ser hvarz er hann ma heldr ein man eða ii. þa er þeir eigi allir hálfo meira sé en omagin. Sa á þo at hafa feet er aðr hafðe ef hann vill. ef hann a iafn micit fe sem omagin. Eigi scal bioða undan manne aðr undir man kömr feit oc hann hefir hast xii. manodr at giolldom eða at handsolom. við þan cost scal hvartuegi þeirra hafa feet ef at logom er undan bodit. at þeir scolo bioða at leggia log leigo a fect. eða leiga lög leigo feet. oc landz leigo. Enda scal eigi meta fúlgo við omagan. Nu ero omagar aðrir aféno. þa scolo þeir neyta vaxtanna.*

<sup>1)</sup> Við bætt.

<sup>2)</sup> Leiðréttung fyrir erf.

<sup>3)</sup> Rítad þeim manne undan, en röðin hefur síðan verið lagförd með tilvisunarmerkjum.

nema vextirnir se minni.<sup>1</sup> þa scal neyta af ínstæðanom til þess. "Ef fáþir eða móþir kömr afe ens unga manz. oc scal þeim ollom iafn spart vera. EN ef firnare menn coma a fe hans oc þo þeir er hann á arf eptir at taca. oc scal hann eiga ser framferslo um fram til þess er hann er xvi. vetra. EN aðr aðrir (Bls. 92, b.) omagar um kome afe ens unga manz. þa scal hann eiga ser iiiii.<sup>a</sup> missera biorg alengr er hann er xvi. vetra oc sva þeim<sup>2</sup> omögöm ollom er aðr ero afe hans commir. Sa maðr er feet vill undan biða þeim manne er varðveitir. hann scal stefna honom heim vico fyr sumar oc segia at hann mun coma þá at biða feet undan honom at sumar mölum. EN hann scal kiða þar þegar. Nu kœmr hann þar at sumar malom. oc scal hann nefna ser vatta. at því. at hann byðr fe ens unga manz undan honom logbode. enda scal hann undan honom<sup>3</sup> hafa bodit fyrir miðian dag. Ef sa er eigi heima enda var honom heim stefnt. eða suarar hann engo um. oc er þa sem hann kiose undan ser feet. Ef hann kýs undan ser feet. þa scal hann mæla ens unga manz male. EN ef hann kys at hafa fe oc scal sa er undan honom bavð féet. mæla ens unga manz mále þa. EN þa er korit. er hansalat<sup>4</sup> er. þeir scolo allir handsalaz sa er þa seal feet hafa oc þeir er honom fylgia at þeim þeirra er eigi scal hafa féet. þeir

a) = Á. M., c. 10.

1) Orðunum þa scolo — minni er bætt við eptir skinnb. i Árna-Magnúss. safni.

2) Hér á eptir ritað monnom öllum, en síðan hafa orð þessi verið strykud út aptur.

3) Ritarinn hefur í fyrstu, að því er sýnist, ætlað að skamstafa orð þetta á sama hatt og annars er til í skinnbókinni (med ho og strykum yfirum h og uppyfir o).

4) í fyrstu ritað hansalet.

*scolo* oc *þat* handsala at en ungi maðr *scal* hafa lög-vöxtö afe þvi oc þeir munu eigi meta fulgo við *hann*. Ef *hann* vill siþar bioða undan *honom* feet. Þa *scal* *hann* fara til heimilis þess manz *edja* fina *hann* siálfan at male þan er feet vardveitir vico *fyrir* þing *edja* meira mele. *oc* segia at *hann* mvn bioða undan *honom* feet avarþingi. þvi er sa heýr er feet vardveitir. *hann* *scal* þar bioða undan *honom* aþingi *oc* mæla þar iþingbrecco ef *hann* fiðr *hann* eigi sialfan at male. *hann* *scal* sva fara þvi male öllu þar sem aðr var tínt. Slican cost eigo *oc* utan-fjordungs menn ef þeir vilia bioða undan manne feet. Enda eigo þeir cost at bioða undan feet a alþingi ef þeir vilia. *oc* hafa undan bodit miðvico dag (Bls. 93, a.) imitt þing. En hvarz er undan manne bodit féeet avarþingi *edja* a alþingi. Þa *scal* *hann* reiða af hendi *ser* feet et næsta vár eptir *þat* er *hann* kýs undan *ser* feet aðr oc giallda med leigom þa. En ef at sumar málom er undan *honom* bodet feet. Þa *scal* *hann* et sama vár af hende leysa<sup>1</sup>. *oc* reiða at gialdögum ef þeir eigo þa saman. En ef þeir eigo eigi gialldaga saman.<sup>2</sup> Þa *scal* *hann* gialda in v.<sup>a</sup> dag vico þa er vii. vicor ero af sumre. at heimile sino. hafa a *hann* xx. avra oleigis. Nu fylgir scógr lande ens unga manz. *oc* scal<sup>3</sup> hin högva til husa við *oc* bæta bus boluti *oc* brena col til ledengingar. Nu gerir *hann* bus bolute nyia *oc* ahin ungi maðr þa. *Þat er mælt* ef fe verðr ovirt eþa rang<sup>4</sup> virt þa a<sup>5</sup> en ungi maðr vöxtö afe

<sup>1)</sup> Leiðréttung fyrir lysa.

<sup>2)</sup> Orðunum En ef — saman er bætt við eptir skionb. í Árna-Magnúss. safni, sem nauðsynlegum.

<sup>3)</sup> Við bætt.

<sup>4)</sup> Rítad tvívar.

<sup>5)</sup> Við bætt.

sino. Eigi a *maðr* at selia arfvon ef sa segir osátt sina á. er næstr stendr til nema iafn mele beriz.

### 123. *vm arf yön.*

*Þ*ar er *maðr* cavpir arfvón at avðrom. þa a þat at hallda huervetna þess er þeir cavpa saman vel lavst ef þeir eigo við at sciptaz *eða þeirra* erfingiar. Nu andaz sa er arfin selde oc standa aðrir menn til arfsens en þeir cavpit áttoz við *eða þeirra* erfingiar þa scal arfr sá sva fara sem ecke væri um mælt. EN aif cavpit a aprt huerfa med voxtom undir þann er reitt hefir *eða hans* erfingia ef en andade átte nockot fe til *eða hans* erfingiar. oc a þat fe at heimta et sama sumar er arfvenen sciptiz. EN ef *hann* átte ecki fe eptir *eða hans* erfingi oc misir sa þa allz er við *hann* keypte.

### 124.

*"Ef þeim manne tómiz erfð er erlendis er. þa á sa maðr at taca þat fe er scyllztr er enom davða her alandé. en þat scal *hann* sva lata virða* (Bls. 93, b.) *iafnt sem omaga eyre. oc sva at öllu hafa þat fe sem omaga eyre. Hann a<sup>1</sup> avoxto afeno enda ábyrgiz *hann*. EN ef sa maðr komr ut er feet átte at taca þa scal *hann* insteðan ein hafa. EN ef hinom verþa lestir. er erlendis andaz.<sup>2</sup> þa á *hans* erfingi at stefna þeim manne er fe er undir oc lata sana davða *hans*. Pat er ef ecki spyrsc til manz oc scal sva vera sem *hann* life til þess er davðen er*

a) = Á. M., c. 4, bls. 181<sup>23</sup> (sbr. hér að ofan c. 118, bls. 226<sup>24</sup>).

<sup>1)</sup> Við bætt.

<sup>2)</sup> Orðin EN ef binom — andaz eru að líkendum rangfærð. í skinnb. í Á. M. safni stendur: EN ef sa maðr andaz er erlendis er.

sanaðr. Nu a þess þeirra erfinge feet at taca er lengr lifðe. en þat a at scilia xii. quiðr goða þess er hin er iþingi með. er sekir hvar þeirra fyre varþ davðr. <sup>a)</sup> Ef sa maðr spyR er erlendis er. [at erfð hesir borit undir hann ut her. oc scal hann innstöðan ein hafa þa er hann kœmr til. ef rétt virt var feit oc rétt tekit. Nu verþa þeir eigi asáttir erfingiar þess manz er erlendis var oc sa maðr er feit er undir hvart sa er andaðr er erlendis var eða eigi eða sva hvart fyr var at erfðin tömdiz eða sa andaðiz er erlendis var. oc scolo þa erfingiar þess er erlendis andaðiz stefna þeim manne um er feit er undir til giallda oc til útgöng. Peir scolo lata sana davða þess manz at domi er erlendis er. enn soðe sa scal bera xii. quiþ er hann er iþingi er sóttr er. um þat hvart fyr var at erfðin tömdiz eða sa andaðiz er erlendis var. oc eigo þess þeirra erfingiar at taca feit er siðar] andaðiz.

## 125.

<sup>b)</sup> Ef maðr andaz erlendis þa asa maðr at taca þat fe er scyllztr er þar enom davða þeirra manna er ut fórt eigi. Hann scal lata virða fe þat til brenz silfrs allt en ef nokot er ovirt þa er sva sem allt se ovirt. ef erfingi er þar þa þarf hann eigi at lata virða ef hanu a allan arsen. hann scolo virða islenzcir menn .v. En ef eigi nair þeim þa er þo rétt at husfastir menn se til þar .ii. en þeir scolo virða við bóc fe þat. En ef þeir gera eigi. þa scal hann beida þa at vina eiðin enda verðr þa þo rétt virþing þeirra ef ber .xii. quiðr at þeir virðe sva sem þa munde þeir ef þeir virðe við bóc enda beidde hann

a) Fyllt út eptir Á. M., I. c., bls. 184<sup>3</sup>.

b) = Á. M., c. 13.

þa at lögum. en *hann scal eigi* sina meira af fe þvi en  
 nym. cavpa leg *oc* lícsöng *oc* blæio *oc* kisto. <sup>a)</sup> Pat er ef  
 maðr teer danar fe avstr. [þa a hann at gefa muto til fiar  
 tökonar ef hann nair eigi ella, oc gefa] sem *hann* ma  
 minzta. <sup>b)</sup> *Hann scal* alt feet láta virða þat er *hann* nair.  
*hann scal* vega lata gull oc brent silfr *oc* þat fe allt er  
 at vettom *scal* cavpa. EN huerscis kyns vara er su er er  
*menn* cavpa álnom. þa scolo þeir *menn* mæla er rettar álnar  
 hafa *oc* sua (Bls. 94, a.) uega þat er *scal* oc sia at þat se rétt  
